

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum (álagningarstofnar eftirlitsgjalds).

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað „0,0338%“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0323%.
- b. Í stað „0,0303%“ í b-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0292%.
- c. Í stað „0,356%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 0,404%.
- d. Í stað „0,192%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 0,223%.
- e. Í stað „0,41%“ í 4. og 5. tölul. 1. mgr. kemur: 0,51%.
- f. Í stað „0,033%“, „0,025%“ og „300.000 kr.“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0344%; 0,015%; og: 200.000 kr.
- g. Í stað „0,7%“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: 0,71%.
- h. Í stað „0,81%“ í 8. tölul. 1. mgr. kemur: 0,82%.
- i. Í stað „0,011%“, „1.140.000 kr.“, „1.720.000 kr.“, „3.000.000 kr.“, „5.580.000 kr.“ og „6.470.000 kr.“ í 9. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0114%; 1.200.000 kr.; 1.930.000 kr.; 3.370.000 kr.; 6.260.000 kr.; og: 7.260.000 kr.
- j. Í stað „0,0043%“ í 11. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0068%.
- k. Í stað „0,0092%“ í 12. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0088%.
- l. 9. mgr. orðast svo:

Fjármálafyrirtæki sem er stýrt af slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þess hefur verið afturkallað, greiðir fastagjald. Gjaldið miðast við það starfsleyfi sem fyrirtækið hafði áður en það fór undir yfirráð slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar og greiðist samkvæmt eftirfarandi sundurliðun: Viðskiptabankar 6.000.000 kr., aðrar lánastofnanir 3.000.000 kr. og önnur fjármálafyrirtæki 1.000.000 kr. Gjald samkvæmt þessari málsgrein greiðist þangað til slitum er lokið en um gjaldið fer skv. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Fyrirtæki greiðir eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi töluliðum 1. mgr. þar til það fer undir yfirráð slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar en hlutfallslega skv. 2. másl. þessarar málsgreinar frá því tímamarki.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í samvinnu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins að fenginni skýrslu eftirlitsins um áætlað rekstrarumfang stofnunarinnar fyrir árið 2013.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sem fjallar um gjaldskylda aðila, álagningarstofn og álagt gjald.

Í 1. gr. laganna er kveðið á um að eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skv. 5. gr. laganna skuli standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins eins og nánar er kveðið á um í lögnum. Um ákvörðun álagningar eftirlitsgjalds er fjallað í 2. gr. laganna, en þar segir:

„Fyrir 1. júlí ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrar-kostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því álit. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júní ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal ráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.“

Ráðuneytið hefur yfirfarið rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins og er sammála því mati á þörf eftirlitsins fyrir fjármagn sem þar kemur fram. Er því frumvarp þetta lagt fyrir til að breyta eftirlitsgjaldi í samræmi við 2. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

### II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frá því að Fjármálaeftirlitið tók til starfa hefur verið leitast við að tryggja að starfsemi þess væri í samræmi við kjarnareglur alþjóðlegu bankaeftirlitsnefndarinnar um virkt fjármálaeftirlit (e. Basel Core Principles for Effective Banking Supervision). Til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt að stofnuninni sé tryggt nægilegt rekstrarfé, fullnægjandi lagaheimildir til eftirlits, virk ákvæði til framfylgni ákvarðana og sjálfstæði gagnvart öðrum hagsmunum en þeim sem felast í sjálfu eftirlitinu. Markmið frumvarpsins er að fjárhagsleg staða Fjármálaeftirlitsins verði áfram tryggð þannig að hún samræmist þessum kjarnareglum.

Áætlaður rekstrarkostnaður að frádregnum 11 millj. kr. sértekjum árið 2013 nemur 1.944 millj. kr. Til samanburðar er rekstrarkostnaður að frádregnum 5 millj. kr. sértekjum áætlaður 1.912 millj. kr. samkvæmt samþykktri áætlun yfirstandandi árs eða 1,7% hækkun milli ára. Gert er ráð fyrir að ofangreindur rekstrarkostnaður ársins 2013 verði fjármagnaður með annars vegar eftirlitsgjaldi á eftirlitsskylda aðila og hins vegar yfirfærslu á eigin fé frá fyrra ári. Eftirlitsgjald á árinu 2013 er áætlað 1.743 millj. kr. og yfirfærsla frá fyrra ári 201 millj. kr. eða samtals 1.944 millj. kr. Sambærilegar fjárhæðir samkvæmt samþykktri áætlun ársins 2012 eru 1.859 millj. kr. eftirlitsgjald og 53 millj. kr. yfirfærsla frá fyrra ári eða samtals 1.912 millj. kr. Eftirlitsgjöld lækka þannig um 116 millj. kr., úr 1.859 millj. kr. í 1.743 millj. kr., eða um 6%. Áætluð yfirfærsla eigin fjár frá fyrra ári á árinu 2013 að fjárhæð 201 millj. kr. skýrist annars vegar af 243 millj. kr. herra eigin fé í árslok 2011 en samþykkt áætlun

ársins 2012 gerði ráð fyrir og hins vegar af 42 millj. kr. framlagi í varasjóð sem hækkar úr 38 millj. kr. í 80 millj. kr. Umrætt 243 millj. kr. frávik á áætluðu eigin fé í árslok 2011 skýrist fyrst og fremst af minni útgjöldum árið 2011 vegna seinkunar á ráðningu starfsmanna, fyrst og fremst vegna húsnæðisskorts.

Viðbrögð við því sérstaka ástandi sem skapaðist í kjölfar hrunsins hefur sett sterkan svip á allt innra starf stofnunarinnar síðustu ár. Stærsti hluti bankakerfisins hefur verið endurreistur í breyttri mynd, nýjum stofnunum fylgt markvisst eftir á sama tíma og skilaneftindum og slitastjórnnum hefur verið fylgt úr hlaði. Hlutverk stofnunarinnar við að tryggja virka fjármálaþjónustu í landinu hefur verið umfangsmikið og krafist skipulagningar og samhæfingar.

Samhliða þessari vinnu hefur Fjármálaeftirlitið unnið að uppbyggingu innra skipulags stofnunarinnar að teknu tilliti til niðurstaðna úttekta innlendra og erlendra ráðgjafa.

Rannsóknir á meintri refsiverðri háttsemi í starfsemi fjármálastofnana í aðdraganda hrunsins hafa verið nokkuð umfangsmiklar. Þá hafa stofnuninni verið falin ýmis ný verkefni auk þess sem gerðar hafa verið verulegar breytingar á ýmsum ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem lagt hafa auknar skyldur á stofnunina í formi eftirlitsheimilda. Þá gegnir Fjármálaeftirlitið æ ríkara hlutverki við mat á kerfislegum áhættum og fjármála-stöðugleika sem og mótun og stefnumörkun varðandi framtíðarskipan fjármálakerfisins á Íslandi.

Þessa stefnu má enn fremur sjá í viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjald-eyrissjóðsins frá 16. ágúst 2011 þar sem því er heitið að Fjármálaeftirlitið fái fullnægjandi rekstrarfé til þess að tryggja að stofnunin geti sinnt skyldum sínum með árangursríkum hætti, sbr. 4. lið 13. tölul. yfirlýsingarinnar.

Frumvarpi þessu fylgja eftirtalin fylgiskjöl:

- I. Rekstraráætlun 2013 – skýrsla til efnahags- og viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2013.
- II. Viðauki með rekstraráætlun 2013, umbótaverkefni Fjármálaeftirlitsins 2013 – 2015 og framtíðarsýn árið 2015.
- III. Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila um drög að skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2013.

### III. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins eru breytingar á hundraðshlutum eftirlitsgjalda og fastagjöldum sem lögð eru á eftirlitsskylda aðila.

Í skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðherra (nú atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra) um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins sem birt er sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu er að finna sundurliðun einstakra kostnaðarliða. Starfsmannafjöldi ræður mestu um helstu rekstrarstærðir Fjármálaeftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og sérfræðiþjónusta. Helstu kostnaðarliðir í rekstri Fjármálaeftirlitsins samkvæmt áætlun fyrir árið 2012 eru:

#### a. Launakostnaður.

Mikilvægt er fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa ávallt á að skipa öflugum, vel menntuðum og reyndum hópi þjálfara sérfræðinga. Áætlaður launa- og starfsmannatengdur kostnaður er 1.426 millj. kr. að teknu tilliti til 3,25% sammingsbundinna launahækkana. Þessi liður hækkar um 4% milli ára en hækkunin skýrist af því að í áætlun 2012 var gert ráð fyrir að starfsmenn

hæfu störf á mismunandi tímum ársins en í áætlun 2013 er gert ráð fyrir að allir verði við störf við upphaf ársins.

Áætlunin gerir ráð fyrir að fjöldi starfsmanna verði 125. Áfram verður unnið að uppbyggingu eftirlits stofnunarinnar í samræmi við áætlanir byggðar á mati franska ráðgjafans Pierre-Yves Thoraval sem unnið var fyrir íslensk stjórnvöld. Meginmarkmið þeirrar vinnu er að byggja upp áhættumatskerfi (e. Risk Model) sem er meginforsenda þess að stofnunin geti uppfyllt alþjóðlega staðla hvað varðar bankaeftirlit (e. Basel Core Principles for Banking Supervision, BCP).

Meiri hluti starfsmanna sem unnið hafa að rannsóknum á föllum fjármálafyrirtækjum munu á árinu 2013 snúa sér að vinnu við vettvangsathuganir auk vinnu að samtímarannsóknnum enda mikilvægt fyrir stofnunina að efla þann þátt starfseminnar í ljósi sögunnar og nýta þá góðu reynslu og þekkingu sem áunnist hefur á undanförunum árum. Þá munu tvö stöðugildi verða tengd vinnu við frágang hrunrannsókna, vera sérstökum saksóknara til aðstoðar eftir þörfum og annast ritun lærdómsskýrslu. Tilgangur slíkrar skýrslu er að greina frá umfangi rannsókna, aðferðafræði vinnunnar, lærdómi og tegund brota. Vonir standa til þess að niðurstöður skýrslunnar muni gefa góða innsýn í rannsóknarmálin en þekking og reynsla af vinnunni mun nýtast stofnuninni.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna. Stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins hefur sent ráðuneytinu tillögu þess efnis að laun formanns verði lækkuð úr 600 í 400 þús. kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að laun annarra stjórnarmanna verði óbreytt. Að gefnum þeim forsendum er gert ráð fyrir að laun stjórnarmanna lækki um 12% og fari úr 24,2 millj. kr. í 21,1 millj. kr. með launatengdum gjöldum.

#### *b. Húsaleiga og rekstur á húsnæði.*

Húsaleiga núverandi húsnæðis byggist á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlaður kostnaður vegna leigu og reksturs húsnæðis er 98,3 millj. kr., þar af er húsaleiga um 70 millj. kr., sem er hækkun um 13% milli ára. Hækkunin skýrist af hækkunum á sameiginlegum rekstrarkostnaði húsnæðisins (hita og rafmagns) og verðlagshækkunum auk þess sem nokkur vanáætlun var á þessum lið í áætlun 2012 er varðar ræstingu og öryggismál.

#### *c. Sérfræðikostnaður.*

Áætlun um almennan sérfræðikostnað stofnunarinnar hækkar nokkuð milli ára eða um 27% og er kostnaðurinn áætlaður um 180,3 millj. kr. á árinu 2013 í stað 142 millj. kr. Stærsti hluti kostnaðarins lýtur að upplýsingatækni. Er hér um að ræða kostnað vegna áframhaldandi uppbyggingar á vöruhúsi gagna, gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila, greiningar á gögnum og smíði áhættumatskerfis. Annar sérfræðikostnaður lýtur að ýmiss konar sérfræðiþjónustu, svo sem endurskoðenda, lögfræðinga, ráðningarþjónustu, sérfræðiþjónustu í tengslum við dómsmál og vegna ráðgjafarnefndar um mat á hæfi stjórnarmanna.

#### *d. Rekstrarkostnaður samtals.*

Samtala gjaldaliða er áætluð 1.955 millj. kr. á árinu 2013 samanborið við 1.917,1 millj. kr. í áætlun ársins 2012. Þetta er um 38 millj. kr. hækkun milli ára eða rétt um 2%. Eftirlitsgjaldið mun hins vegar lækka um 85 millj. kr. eða 4,4% vegna áhrifa af yfirfærslu eigin fjár frá fyrra ári og að teknu tilliti til breytinga á varasjóði, sbr. enn fremur umfjöllun í kafla II hér á undan.

#### IV. Samráð.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999 er kveðið á um lögbundið samráð við samráðsnefnd eftirlits- skyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs. Skal álit samráðsnefndarinnar fylgja skýrslu Fjármálaeftirlitsins til ráðherra. Í skýrslu samráðsnefndarinnar, sem birt er sem fylgiskjal III með frumvarpi þessu, kemur eftirfarandi fram sem niðurstaða nefndarinnar:

*„Samráðsnefnd telur að með þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar frá fyrri áætlun- um, þar sem vexti stofnunarinnar eru settar skýrar skorður og meðal annars starfsmanna- fjöldi takmarkaður við rúmlega 120 í staðinn fyrir 140 þegar mest var boðið, sé betur en áður gætt að þeim ólíku sjónarmiðum sem taka þarf tillit til við eflingu og rekstur FME. Samráðsnefndin brýnir fyrir stjórn og stjórnendum FME að gæta vel að aðhaldi og hag- ræðingu í rekstri FME.*

*Frekari viðræður þurfa að fara fram á milli aðila um skiptingu eftirlitsgjaldsins og mögu- lega þarf að breyta hvernig gjald er lagt á aðila eins og fagfjárfestasjóði, sem FME hefur mjög takmarkað eftirlit með.*

*Álit samráðsnefndarinnar er að drög stjórnenda FME að rekstraráætlun 2013, eins og þau hafa verið lögð fram fyrir nefndina í dag, teljist raunhæf.*

*Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila þakkar það samráð sem stjórn og stjórnendur FME hafa haft við nefndina við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2013.“*

Eins og fyrr er frá greint er lagt til að álagt eftirlitsgjald lækki á árinu 2013 frá því sem gert er ráð fyrir í samþykktari áætlun fyrir yfirstandandi ár, sbr. enn fremur umfjöllun í II. kafla hér á undan. Þar sem rekstur Fjármálaeftirlitsins er að öllu leyti fjármagnaður beint af þeim sem lúta eftirliti stofnunarinnar er ljóst að þeir einir verða fyrir áhrifum af breytingu á fjármögnun á rekstri eftirlitsins.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á ákvæðum 5. gr. laganna. Breytingar skv. 1. mgr. á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskipt- ingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og mati á kostnaðardreifingu, sbr. fylgiskjal 2 með rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2013.

Gert er ráð fyrir lækkun gildandi álagningarhlutfalla viðskiptabanka, sparisjóða, lána- fyrirtækja, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja, Lánasjóðs sveitarfélaga og fagfjárfestasjóða, en hækkun álagningarhlutfalla annarra eftirlitsskyldra aðila. Gert er ráð fyrir hækkun álag- ningarhlutfalls lífeyrissjóða úr 0,011 í 0,0114 og enn fremur er í 9. tölul. 1. mgr. gert ráð fyrir hækkunum á fastagjöldum lífeyrissjóða sem eru eins og áður í fimm þrepum og er lægsta þrepíð samkvæmt frumvarpinu nú 1.200.000 kr. en það hæsta 7.260.000 kr. Breytingar frá gildandi ákvæði eru miðaðar við að hlutur fastagjaldanna verði um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina, en stuðst hefur verið við það hlutfall sem viðmið frá og með árinu 2007 í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða.

Gert er ráð fyrir lækkun álagningarhlutfalls fagfjárfestasjóða úr 0,025% í 0,015% og enn fremur er í 6. tölul. 1. mgr. gert ráð fyrir lækkun lágmarksgjalds á þessa sjóði úr 300.000 kr. í 200.000 kr. Breytingin tekur mið af því að kostnaður við eftirlit með fagfjárfestasjóðum dreifist á fleiri og stærri sjóði en áætlað hafði verið við upphaf eftirlits með þeim.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 9. mgr. sem varða lækkun á fastagjöldum fjár- málafyrirtækja sem stýrt er af slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjár- málafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, tak-

markað starfsleyfi eða starfsleyfi fyrirtækisins hefur verið afturkallað. Gert er ráð fyrir að fast gjald á viðskiptabanka í þessari stöðu verði 6.000.000 kr., en gjaldið er nú 35.000.000 kr., fast gjald á aðrar lánstofnanir verði 3.000.000 kr., en gjaldið er nú 18.500.000 kr., og fast gjald á önnur fjármálafyrirtæki verði 1.000.000 kr., en gjaldið er nú 8.500.000 kr. Eftirlitsgjaldi á þessa aðila er ætlað að standa undir kostnaði við rannsóknarvinnu sem tengist bankahruninu og því hlutverki sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað gagnvart föllum fjármálafyrirtækjum. Þá er, til áréttingar, tekið fram í ákvæðinu að hér eftir sem hingað til skuli greiða eftirlitsgjöldin í samræmi við 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda um opinber gjöld að ræða sem leggjast á fjármálafyrirtæki eftir að þau hafa verið tekin til slíta samkvæmt úrskurði héraðsdóms.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.



## Rekstraráætlun 2013

Skýrsla til efnahags- og viðskiptaráðherra  
um áætlaðan rekstrarkostnað  
Fjármálaeftirlitsins árið 2013

Reykjavík  
29. júní 2012

## 1 Inngangur

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er efnahags- og viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2013. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2013. Að teknu tilliti til óska nefndarinnar um aukið samráð átti Fjármálaeftirlitið þrjá fundi með nefndinni í júní sl. en áður, eða 1. júní sl., hafðu nefndinni verið send drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drögum að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2013. Samráðsnefndin skilaði athugasemdum við drögin að rekstraráætluninni til Fjármálaeftirlitsins þann 2. júlí 2012 en áður hafði nefndin sent stofnuninni drög að athugasemdum sínum þann 21. júní sl. sem rædd voru nánar á áðurnefndum fundum. Fjármálaeftirlitið hefur lagt mat á áðurnefndar athugasemdir samráðsnefndarinnar og nýtt sér þær til að fara í enn ýtarlegri greiningar á nauðsynlegum kostnaði stofnunarinnar við að ná markmiðum hennar með sem hagkvæmustum hætti. Niðurstaðan er sú að dregið verður úr áætlaðri mannaflapörf frá upphaflegri áætlun að gefnum ákveðnum forsendum. Þannig að í stað þess að starfsmenn verði 126 næstu þrjú árin verði þeir 123,5 á næsta ári, 122 árið 2014 og 118 árið 2015. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur kynnt sér álit nefndarinnar og staðfest meðfylgjandi rekstraráætlun.

Auk forsendna fyrir rekstraráætlun ársins 2013 og tillagna um álagningu eftirlitsgjalds á því ári er í skýrslu þessari að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011 og umfjöllun um rekstraráætlun vegna ársins 2012. Athygli er vakin á að í áætlun fyrir árið 2013 er horft allt að 18 mánuði fram í tímann varðandi umsvif í rekstri Fjármálaeftirlitsins.

Fylgiskjal 1 sýnir áætlað rekstrarumfang ársins 2013 og samanburð við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir yfirstandandi ár. Fylgiskjal 2 sýnir áætlaða álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang 2013. Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011 er einnig meðfylgjandi.

Fjármálaeftirlitið heldur áfram vinnu við umbótaverkefni sem er að mestu leyti í samræmi við það sem lagt var upp með í áætlun ársins 2012. Um er að ræða verkefni er lúta að innleiðingu nýs skipulags stofnunarinnar þar sem megin áherslan er á að festa í sessi verkefna- og ferlamiðað skipulag, uppbyggingu áhættumatskerfis, þróun



mannauðs og endurskipulagningu skýrsluskila frá eftirlitsskyldum aðilum til Fjármálaeftirlitsins. Ofangreindar áherslur byggja á gagnrýni í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem og niðurstöðum erlendra sérfræðinga sem framkvæmt hafa úttekt á stofnuninni undanfarin misseri. Má þar nefna niðurstöður úr skýrslu finnska ráðgjafans Kaarlo Jännäri frá árinu 2009 sem og franska ráðgjafans Pierre-Yves Thoraval frá árinu 2011. Ennfremur má benda á yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins („*letter of intent*“ frá 16. ágúst 2011), þar sem lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu og styrkingu Fjármálaeftirlitsins og áherslum fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

## 2 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011

Eftirfarandi tafla sýnir upphaflega rekstraráætlun fyrir árið 2011 og samanburð við rauntölur. Tekjur og gjöld vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu eru ekki meðtalin í töflunni.

Samkvæmt ársreikningi Fjármálaeftirlitsins voru tekjur af eftirlitsgjaldi á árinu 2011 1.642,7 m.kr. Aðrar tekjur voru 25,7 m.kr. og vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum og fjármagnstekjuskatti námu 24,3 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.601,2 m.kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam því 91,4 m.kr. Í framangreindum fjárhæðum eru ekki tekjur og gjöld vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu, samtals 11,7 m.kr. Eignir í árslok 2011 námu samtals 385,0 m.kr. og skuldir 50,7 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam 334,2 m.kr. Framangreindar fjárhæðir eru sýndar í töflu 1 hér að neðan. Í fylgiskjalinu eru jafnframt sýndar tölur samkvæmt rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011 sem send var viðskiptaráðherra með bréfi þann 9. júlí 2010.

## Rekstur Fjármálaeftirlitsins árið 2011.

Í m.kr.	Upphafleg áætlun v/ 2011 (júlí 2010) (1)	Rauntölur v/ 2011 skv. ársreikningi (2)	Mismunur á raunt. og samþ. áætlun (2)-(1)
<b>Tekjur:</b>			
Eftirlitsgjöld	1.619,1	1.642,7	23,6
Vaxtatekjur	6,0	24,3	18,3
Aðrar tekjur	1,0	25,7	24,7
<i>Tekjur samt.</i>	<b>1.626,1</b>	<b>1.692,7</b>	<b>66,6</b>
<b>Gjöld:</b>			
Launakostnaður	1.251,6	1.074,5	-177,1
Önnur gjöld	503,4	526,8	23,4
<i>Gjöld samt.</i>	<b>1.754,9</b>	<b>1.601,2</b>	<b>-153,7</b>
<b>Tekjuafgangur</b>	<b>-128,8</b>	<b>91,4</b>	<b>220,3</b>
Eigið fé 31.12.2010	167,1	242,9	75,8
<b>Eigið fé 31.12. 2011</b>	<b>38,3</b>	<b>334,3</b>	<b>296,0</b>
þ.a. varasjóður	38,3	38,3	38,3
þ.a. annað eigið fé	0,0	296,0	257,7

Tafli 1 Samanburður á rekstri Fjármálaeftirlitsins (áætlun og raun) fyrir árið 2011<sup>1</sup>

Samkvæmt ofangreindri töflu var í upphaflegri rekstraráætlun gert ráð fyrir að eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2010 yrði 167,1 m.kr. Samkvæmt rauntölum varð eigið fé hins vegar 242,9 m.kr. í árslok 2010 eða 75,8 m.kr. hærra. Breytingin skýrist af meiri tekjuafgangi á árinu 2010 en áætlað var.

Þá urðu tekjur ársins 2011 samtals 66,6 m.kr. hærra en áætlunin gerði ráð fyrir. Það skýrist af breytingum á álögðum *eftirlitsgjöldum* á árinu sem ekki var mögulegt að sjá fyrir. Einnig skýrist það af hærri *vaxtatekjum* en áætlað var, sem tengist hærri eigin fé í upphafi ársins 2011 en ráð var fyrir gert og áföllnum dráttarvöxtum á eftirlitsgjöld. Þá hækka *aðrar tekjur* á árinu 2011 umfram áætlun aðallega vegna meiri tekna af starfsleyfisgjöldum og meiri endurgreiddum kostnaði vegna hæfismata en áætlað hafði verið sem og vegna sölu húsbúnaðar í tengslum við flutning stofnunarinnar.

Gjöld ársins 2011 eru samtals 153,7 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Eins og taflan sýnir skýrist það fyrst og fremst af lægri launakostnaði en áætlað var, þar sem fresta þurfti ráðningum meðal annars vegna húsnæðisskorts. Eigið fé í árslok 2011 er því 334,3 m.kr. eða 296,0 m.kr. hærra en áætlað var.

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með

<sup>1</sup> Tekjur og gjöld vegna úrskurðarnefnda eru undanskilin

fjármálastarfsemi, er Fjármálaeftirlitin heimilað að mynda varasjóð, samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun, sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika. Varasjóður samkvæmt framangreindu var 38,3 m.kr. í árslok 2011. Í rekstraráætluninni fyrir árið 2013, sbr. kafla 6 hér á eftir, er gert ráð fyrir að varasjóður verði hækkaður í 80 m.kr. meðal annars vegna óvissu í innheimtu eftirlitsgjalda fallinna fjármálafyrirtækja.

Um rekstur og efnahag Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011.

### 3 Rekstraráætlun vegna ársins 2012

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012 var send efnahags- og viðskiptaráðherra þann 18. júlí 2011. Ný uppfærð áætlun var send ráðherra með bréfi þann 1. desember 2011 eftir að beiðni hafði borist frá ráðuneytinu þess efnis að stofnunin myndi draga úr umfangi sínu um allt að 166 m.kr. frá upphaflegri áætlun. Í gögnum með rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012 er leitast við að skýra tengingu áætlunarinnar við stefnu stofnunarinnar og vilja hennar til að afla nægilegs rekstrarfjár til að uppfylla alþjóðlegar og stöðugt vaxandi kröfur um virkt fjármálaeftirlit.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á framangreindri áætlun vegna ársins 2012 í tengslum við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2013. Rauntölur liggja nú hins vegar fyrir vegna ársins 2011 sem sýna að yfirfærsla eigin fjár frá árinu 2011 varð 334,3 m.kr. eða 296,0 m.kr. hærrí fjárhæð en áætlað var upphaflega sem að teknu tilliti til 41,7 m.kr. hækkunar á varasjóði (*sbr. kafla 2*) mun hafa áhrif til lækkunar á áætluðu eftirlitsgjaldi á árinu 2013 sem nemur 244,3 m.kr.

#### 3.1 Áherslur ársins 2012

Í samræmi við stefnu stofnunarinnar var í upphaflegri áætlun ársins 2012 gert ráð fyrir metnaðarfullri uppbyggingu á starfsemi eftirlitsins. Í því fólst vinna við *uppbyggingar-* og *umbótaverkefni* er lúta að styrkingu nauðsynlegra innviða stofnunarinnar að teknu tilliti til ábendinga sérfræðinga sem tekið hafa stofnunina út undanfarin misseri. Áætlunin miðar að því að koma á skipulagi sem styður við kjarnastarfsemi stofnunarinnar og tryggja viðeigandi gæði starfseminnar, svo sem með breytingum á stjórnskipulagi hennar og þjálfun starfsmanna. Ennfremur að koma á aðferðum við eftirlit í samræmi við alþjóðleg viðmið um eftirlit með fjármálastarfsemi í tengslum við kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit (*e. Basel Core Principles for Effective Banking Supervision*). Í því felst m.a. að byggja upp skilvirka aðferðafræði við áhættumat, gerð eftirlitsáætlunar, auk þess að byggja upp nauðsynleg upplýsingakerfi, eftirlitsferli,

leiðbeiningar og viðmið við eftirlit (sjá nánari umfjöllun í viðauka 1, kafla 4).

Í upphaflegri áætlun fyrir árið 2012 var gert ráð fyrir að starfsmenn eftirlitsins yrðu 143. Við endurskoðun áætlunarinnar í nóvember 2011 óskaði efnahags- og viðskiptaráðuneytið eftir því að dregið yrði úr umfangi reksturs stofnunarinnar. Þeirri beiðni vær mætt með því að draga verulega úr fyrirhugaðri uppbyggingu eftirlitsins og frestun ráðningar 11 starfsmanna.

#### 4 Fjármálaeftirlitið undangengin þrjú ár

Óhætt er að fullyrða að allt frá falli fjármálakerfisins haustið 2008 hafi margt áunnist í starfi stofnunarinnar. Viðbrögð við því sérstaka ástandi sem skapaðist í kjölfar hrunsins setti sterkan svip á allt innra starfs stofnunarinnar næstu 18 mánuðina. Á þeim tíma var stærsti hluti bankakerfisins endurreistur í breyttri mynd, nýjum stofnunum fylgt markvisst eftir á sama tíma og skilaneftindum og slitstjórnnum var fylgt úr hlaði. Það verkefni stofnunarinnar að tryggja virka fjármálaþjónustu í landinu var umfangsmikið og krafðist skipulagningar og samhæfingar. Nýjum félögum, sem reist voru á grunni fallinna félaga, var fylgt eftir með auknu aðhaldi og hertum reglum. Þá hafa jafnt og þétt komið fram ný og krefjandi álitæfni sem þarfnast úrlausnar.

Samhliða þessari vinnu hóf Fjármálaeftirlitið uppbyggingu innra skipulags stofnunarinnar en því var mjög ábótavant. Stofnunin nýtti í því samhengi ýtarlegar niðurstöður úttekta innlendra og erlendra ráðgjafa. Má þar sem dæmi nefna úttekt finnska bankasérfræðingsins Kaarlo Jännäri (*mars 2009*) sem fenginn var af ríkisstjórn landsins til að leggja mat á lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur, skýrslu franska sérfræðingsins Pierre-Yves Thoraval (*apríl 2011*) til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (*apríl 2010*). Sjá nánari umfjöllun um helstu niðurstöður og viðbrögð í kafla 4.1 og 4.2 hér á eftir.

Fjármálaeftirlitið réð í kjölfar efnahagshrunsins sérfræðinga til að rannsaka meinta refsiverða háttsemi í starfsemi fjármálastofnana í aðdraganda hrunsins. Þegar mest var störfuðu alls 17 starfsmenn í rannsóknarhópnum en nú starfa 15 einstaklingar, bæði sérfræðingar í fjármálum og lögfræðingar, að rannsóknum á föllum fjármálafyrirtækjum. Rannsóknahópurinn hefur byggt upp mikla sérþekkingu innan Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði og mun hluti hópsins áfram sinna störfum fyrir stofnunina á sviði vettvangsathugana og samtímarannsókna.

Stofnuninni hafa verið falin ýmis ný verkefni og er fjöldi stöðugilda tengdum þeim rúmlega 30 sjá nánar í meðfylgjandi töflu 2. Má þar nefna eftirlit með innheimtustofnunum, greiðslustofnunum, fagfjárfestasjóðum, yfirferð útboðslýsinga, tímabundið eftirlit með slitastjórnnum, og rannsóknir fallinna fjármálafyrirtækja og nú

nýverið aukið eftirlit með Íbúðalánasjóði. Auk þess hafa verið gerðar verulegar breytingar á ýmsum ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem lögðu á stofnunina auknar skyldur í formi eftirlitsheimilda. Fjármálaeftirlitið gegnir æ ríkara hlutverki við mat á kerfislegum áhættum og fjármálastöðugleika. Ennfremur tekur stofnunin virkan þátt í mótun og stefnumörkun varðandi framtíðarskipan fjármálakerfisins á Íslandi. Ofangreind verkefni skýra að hluta til þá fjölgun sem nauðsynleg hefur verið í mannafla stofnunarinnar frá haustinu 2008. Auk þess liggur fyrir að mikið skorti á fyrir hrun að Fjármálaeftirlitið hefði þann fjölda starfsmanna sem þurfti til að sinna með viðeigandi hætti þeim verkefnum sem eftirlitinu var ætlað að sinna. Úr því hefur einnig verið bætt. Nánari umfjöllun um sögulega þróun eftirlitsins má finna í fylgiskjali 1 með viðauka rekstraráætlunarinnar.

Ný verkefni frá árinu 2009	Ár	Áætlun um mannafla
Lög um innheimtustarfsemi 95/2008	2009	2
Lög nr. 78/2011 um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (slit, eftirlit og innleiðing). <b>Tímabundið verkefni</b>	2012	4
Rannsóknir fallinna fjármálafyrirtækja. <b>Tímabundið verkefni</b>	2009	17
Lög um greiðsluþjónustu	2011	2
Lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði 128/2011	2012	2
Yfirferð lýsinga frá Kauphöll	2012	3
Innheimtulög. Breytingar á lögum 95/2008 ( <i>vörslusviptingar og innheimtuaðila</i> )	2012	1
Breytingar á lögum 44/1998 um húsnæðismál (Íbúðalánasjóður)	2012	1,5
<b>Samtals:</b>		<b>32,5</b>

Tafla 2 Yfirlit yfir ný verkefni frá árinu 2009

#### 4.1 Úttekt á starfsemi stofnunarinnar og helstu niðurstöður

Eins og áður greinir hafa verið gerðar ýtarlegar úttektir á starfsemi stofnunarinnar.

Í nóvember 2008 var finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri fenginn af ríkisstjórninni til að leggja mat á lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur. Í skýrslu sinni frá mars 2009 leggur hann meðal annars til að skipulag stofnunarinnar verði hugsað út frá verkefnum (*e. functional unit*) í stað markaða (*e. sectoral unit*). Við breytingar á skipuriti stofnunarinnar í janúar sl. var var höfð hliðsjón af tillögum hans og franska ráðgjafans sem og ábendingum Pierre-Yves Thoraval.

Árið 2010 var gefin út skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis. Í skýrslunni er fjallað ýtarlega um starfsemi Fjármálaeftirlitsins en í skýrslunni segir m.a.:

“...eftirlit kemur ekki að fullum notum nema stofnunin hafi bæði yfir að ráða þróuðum upplýsingakerfum og sérfræðingum til úrvinnslu upplýsinganna. Mikið skorti á að Fjármálaeftirlitið hefði yfir að ráða tæknilegri þekkingu og búnaði til þess að vinna vönduð og yfirgripsmikil yfirlit yfir stöðu og þróun einstakra fjármálafyrirtækja úr gagnagrunnum sínum. Því hafði Fjármálaeftirlitið í raun ekki þá nauðsynlegu yfirsýn yfir starfsemi fjármálafyrirtækjanna sem brýn þörf var á. Þau vandamál sem Fjármálaeftirlitið átti við að eita varðandi krefjandi úrvinnslu upplýsinga úr kerfum sínum komu án efa mjög niður á getu þess til að rækja starfsskyldur sínar við að hafa eftirlit með og taumhald á fjármálafyrirtækjunum sem féllu haustið 2008.”

Í apríl 2011 skilaði Pierre-Yves Thoraval skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Athugun Thoraval leiddi í ljós ágalla við eftirlitið af ýmsum toga. Má þar nefna skort á áhættumatskerfi, eftirlitsferlum og skipulegu verklagi auk þess sem á skorti viðunandi tæknilega innviði, stjórnunarferla og viðeigandi stjórnskipulag. Einnig vantaði nauðsynlega þætti við stýringu mannauðs.

Viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu Pierre-Yves Thoraval voru þau að gerð hefur verið yfirgripsmikil umbótaáætlun. Í henni eru skilgreind umbótaverkefni sem taka til eftirlits með allri fjármálastarfsemi. Um er að ræða verkefni í tveimur hlutum þar sem annar hlutinn beinist að uppbyggingu á heildstæðu áhættumiðuðu eftirlitskerfi og hinn hlutinn að stjórnun og skipulagi. Umbótaverkefnunum er nánar lýst í kafla 5.

Á vormánuðum 2011 var jafnframt unnið sjálfsmat hjá stofnuninni á grundvelli kjarnareglna um árangursríkt bankaeftirlit<sup>2</sup> en Pierre-Yves Thoraval gerði ytra mat á sjálfsmati stofnunarinnar. Niðurstaðan var sú að af 25 kjarnareglum uppfyllti stofnunin einungis 3 kjarnareglur staðalsins að fullu og 11 að meginhluta til. Stefnt er að því að Fjármálaeftirlitið uppfylli að megin hluta 8 af þessum kjarnareglum til viðbótar fyrir árslok 2012 og uppfylli allar 25 kjarnareglurnar fyrir árslok 2013. Um er að ræða mjög metnaðarfullt markmið enda ekkert eftirlit svo vitað sé til sem uppfyllir öll skilyrði staðalsins að fullu. Fyrirséð er að ofangreindum kjarnareglum muni fjölga á næstunni úr 25 í 29 og viðmiðum hvernar reglu jafnframt fjölga. Með fjölgun kjarnareglanna og viðmiðum þeirra eru líkur á að verkefninu í heild muni ekki ljúka fyrr en á árinu 2014.

<sup>2</sup> **Kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit** (e. *Basel Core Principles for Effective Banking Supervision - BCP*) eru lágmarksviðmið fyrir heilbriggt og hagnýtt regluverk og eftirlit með bönkum og bankakerfum. Kjarnareglurnar eru notaðar af opinberum bankaeftirlitum sem viðmið til að leggja mat á gæði eftirlitskerfa og til að koma auga á framtíðarviðfangsefni með það að markmiði að tryggja lágmarksviðmið fyrir heilbriggt eftirlit. Tilgangur þessara reglna er m.a. að samræma bankaeftirlit milli landa og gera eftirlitsstofnunum kleift að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni. Þessi viðmið eru líka notuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðum og Alþjóðabankanum í tengslum við matsáætlun fyrir fjármálamarkaðinn, til að leggja mat á kerfi og aðferðir við bankaftirlit. Nánari upplýsingar má finna á slóðinni: <http://www.bis.org/publ/bcbs129.htm>

## 4.2 Viðbrögð stofnunarinnar við tillögum um úrbætur

Fjármálaeftirlitið hefur frá árinu 2009 leitað leiða til að byggja upp innri starfsemi stofnunarinnar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram hafa komið í áðurnefndum úttektum. Megin markmiðið er að skerpa sýn stofnunarinnar, efla upplýsingatæknikerfi hennar, koma á skilvirku innra skipulagi, byggja upp áhættumiðað eftirlit og laða að og þjálfa öfluga sérfræðinga. Stofnunin hefur mótað sér stefnu, breytt skipulagi, hafið undirbúning að gerð áhættumatskerfis, þróun verkferla og þróun mannauðsstjórnunar.

### 4.2.1 Stefna Fjármálaeftirlitsins

Fjármálastofnanir hafa sérstöðu á meðal fyrirtækja. Þær eru milligönguaðilar í fjármögnun efnahagslífsins og sækja starfsheimildir sínar til hins opinbera. Stofnanirnar verða að gæta hagsmuna sparifjáreigenda og viðskiptavina en um leið eru þær drifkrafturinn í efnahagslífi þjóðarinnar. Fjármálaeftirlit þarf að stuðla að því að fjármálastofnanir hagi rekstri sínum í samræmi við samfélagslegt hlutverk sitt samkvæmt þeim leikreglum sem þeim eru settar í lögum. Sagan hefur sýnt að hefðbundið eftirlit með formaskilyrðum laga dugar ekki eitt og sér til að ná ofangreindum markmiðum. Ljóst er að fjármálaeftirlit verður að byggja á mun dýpri greiningu á stefnu og starfsemi fjármálastofnananna og sannreyna verður sannleiksgildi þeirra upplýsinga sem eftirlitinu berast.

Í inngangi stefnuskjals Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2010 er áhersla lögð á að öflugur fjármáلامarkaður sé þjóðfélagslega mikilvægur og að á næstu árum megi búast við örum breytingum, frekari vexti og aukinni alþjóðavæðingu. Fjármálaeftirlitið vill hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins og stuðla að traustri fjármálastarfsemi. Til þess þarf skýra stefnu, skilvirka innri ferla, hæft starfsfólk og fyrirmyndar upplýsingakerfi. Í stefnunni felst eftirfarandi:

- Að vera mótandi og stuðla að traustri fjármálastarfsemi.
- Að vera þekkt fyrir fagmennsku, áreiðanleika og árangur.
- Að njóta virðingar og trausts.
- Að vera góður og eftirsóknarverður vinnustaður.

Framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins er að fjármáلامarkaðir starfi eftir gildandi leikreglum í þágu alls samfélagsins. Hyggst Fjármálaeftirlitið gera þá sýn að veruleika með því að byggja starfshætti sína á þremur meginstoðum, þ.e. löghlýðni og heilbrigðum viðskiptaháttum, sjálfstæðri könnun og mati og faglegri umræðu og gagnsæi. Stoðirnar má sjá hér með nánari lýsingu:

- Löghlýðni og heilbrigðir viðskiptahættir
  - Virk beiting valdheimilda
  - Frumkvæði að þróun laga og reglna
  - Aukin greiningarvinna og sérstakar úttektir

- Skýrsluskil, upplýsingagjöf og upplýsingatækni
- Upplýsingamiðlun og samskipti
- Beiting viðurlaga og kærur
- Sjálfstæð könnun og mat
  - Takmörkun áhættu
  - Faglegir og ábyrgir stjórnarmenn og stjórnendur eftirlitsskyldra aðila
  - Heildarsýn
- Fagleg umræða og gagnsæi
  - Greiða fyrir upplýsingaflæði og málefnalegri umræðu um þróun á fjármálamörkuðum
  - Frumkvæði um upplýsingamiðlun og greiningu
  - Virk þátttaka í opinberri umræðu


Fjármálaeftirlitið hefur þegar mótað þau gildi sem einkenna munu vinnubrögð þess í framtíðinni. Þau eru áræðni, fagmennska og festa. Til að hrinda í framkvæmd nýrri stefnu Fjármálaeftirlitsins þarf áframhaldandi umbætur í starfsemi stofnunarinnar þar sem megináherslan er á öflugan starfshóp reyndra og vel þjálfðra sérfræðinga.

#### 4.2.2 Skipulagsbreytingar hjá Fjármálaeftirlitinu og nýir stjórnendur

Í áðurnefndri skýrslu Pierre-Yves Thoraval koma fram tillögur um breytt stjórnskipulag hjá Fjármálaeftirlitinu og að svipaðri niðurstöðu kemst finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri. Þessar tillögur taka mið af breyttum alþjóðlegum áherslum við eftirlit með fjármálastarfsemi. Til að fylgja betur eftir nýrri stefnu Fjármálaeftirlitsins var skipulagi stofnunarinnar breytt í byrjun árs 2012.

Nýtt skipulag felur m.a. í sér að fimm svið hafa verið lögð niður og þrjú ný eftirlitssvið stofnuð. Nýju eftirlitssviðin þrjú eru *vettvangsathuganir*, *eftirlit* og *greiningar*. Nýja skipulagið er verkefnamiðað (*e. functional unit*) og taka nýju eftirlitssviðin þrjú við öllum verkefnum frá þeim fimm eldri sviðum sem lögð eru niður en skipting þeirra tók að miklu leyti mið af geirum fjármálamarkaðarins (*e. sectoral unit*). Markmið skipulagsbreytinganna er að auka skilvirkni og samhæfingu í starfseminni. Nýtt skipulag býður meðal annars upp á meiri sveigjanleika í nýtingu mannauðs Fjármálaeftirlitsins. Eftirfarandi mynd sýnir nýja skipuritið.





Mynd 2 Skipurit FME 2012

Nýir framkvæmdastjórnar voru ráðnir fyrir eftirlitssviðin þrjú og tóku þeir til starfa í janúar 2012. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru 120 en þar af eru 20 starfandi á greiningasviði, 37 á eftirlitssviði og 24 á vettvangsathuganasviði, þar af 15 í rannsóknum á bankahruninu.

## 5 Umbótaverkefni Fjármálaeftirlitsins

Ráðgjafinn Pierre-Yves Thoraval lagði fram tillögur að aðgerðum svo stofnunin geti uppfyllt alþjóðlega staðla hvað varðar árangursríkt bankaeftirlit (*Basel Core Principles for Effective Banking Supervision -BCP*). Mat Thoraval er að næstu tvö árin sé þörf á allt að fimm viðbótarstarfsmönnum til að byggja upp eftirlit sem uppfyllir áðurnefnd skilyrði. Auk þess er það mat hans að þörf sé á 8-11 starfsmönnum í að minnsta kosti tvö ár til að byggja upp áhættumatskerfi (*Risk Model*) en það er forsenda þess að mögulegt verði að uppfylla ofangreinda staðla (*BCP*). Stjórn Fjármálaeftirlitsins samþykkti í ágúst 2011 aðgerðaáætlun vegna umbótaverkefna á árunum 2011 til 2014. Starfsmannafjöldi samkvæmt rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012, sem endurspeglar fyrirnefnda aðgerðaáætlun, var hins vegar skorinn niður um 11 stöðugildi í meðförum Alþingis í desember 2011 eða úr 143 í 132.

Hér að neðan er lýst, í grófum dráttum, umbótaverkefnum sem Fjármálaeftirlitið vinnur nú að. Um er að ræða flókið og tímafrekt verkefni, við uppbyggingu áhættumiðaðs eftirlits, sem krefst samvinnu allra deilda stofnunarinnar. Byggt verður á alþjóðlegum viðmiðum varðandi bankaeftirlit (*BCP*). Verkerlar og það skipulag sem kemur út úr vinnunni verður í kjölfarið lagað að eftirliti með öðrum eftirlitsskyldum aðilum svo sem lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum. Áætlað er að þessari vinnu ljúki á árinu 2015. Verulegur hluti af þeim starfsmönnum sem koma til með að vinna að umbótaverkefnum hjá stofnuninni verða ráðnir inn tímabundið og verður þessi þáttur

kostaður af styrk frá Evrópusambandinu, svokölluðum IPA<sup>3</sup> styrk Evrópusambandsins sem stofnunin hefur sótt um.

Umbótaverkefnum er skipt í tvo hluta. Annars vegar heildstæðu áhættumiðuðu eftirlitskerfi sem skiptist í þrjá skilgreinda undirverkþætti og hins vegar stjórnun og skipulag sem skiptist í tvo undirverkþætti.

## 5.1 Heildstætt áhættumiðað eftirlitskerfi

Heildstætt áhættumiðað eftirlitskerfi skiptist í þrjá undirverkþætti. Það er í fyrsta lagi *skipulag áhættumats við eftirlit*, í öðru lagi *eftirlitsferli og verklag* og í þriðja lagi *innviðir og uppbygging upplýsinga- og tölvukerfa*. Nánar verður gerð grein fyrir hverjum undirverkþætti hér að neðan.

### 5.1.1 Skipulag áhættumats við eftirlit

Markmið þessa verkþáttar er að koma upp heildstæðu og skilvirku áhættumatskerfi byggðu á aðferðafræði við áhættumat (e. *Risk Assessment System*)<sup>4</sup> samkvæmt viðurkenndum viðmiðum, sem lögð eru til grundvallar eftirliti með fjármálastarfsemi. Aðferðafræðin miðar að því að meta fjármálastarfsemi með tilliti til áætlaðrar áhættu í rekstri þeirra. Jafnframt leggur aðferðafræðin grunn að mati á fjármálamarkaðnum í heild sinni sem og sértæku mati sem tryggir nauðsynlega yfirsýn yfir starfsemi einstakra fjármálastofnana. Aðferðafræðin stuðlar ennfremur að yfirsýn, á grundvelli áætlaðrar áhættu, yfir nauðsynlegar auðlindir (e. *resources*) við framkvæmd og skipulagningu eftirlits um leið og lagður er grunnur að eftirlitsáætlun stofnunarinnar.

#### 5.1.1.1 Afurð

- Heildstætt og skilvirkt áhættumatskerfi byggt á viðurkenndri aðferðafræði og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar eftirliti og mati á áhættu í fjármálastarfsemi (e. *Risk Assessment System, RAS*)
- Ferli og aðferðir sem tryggja faglegt mat á fjármálamarkaði í heild sinni sem og sértækt mat fyrir starfsemi einstakra fjármálastofnana (e. *over-site processes and procedures*)

<sup>3</sup> **IPA styrkur** (e. Instrument for Pre-Accession Assistance) er ætlaður til að auðvelda ríkjum sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu samvinnu við ýmis verkefni, meðal annars milli stofnana umsóknarríkis og evrópskra stofnana.

<sup>4</sup> **Áhættumatskerfi** (e. *Risk Assessment System – RAS*) er aðferðafræði sem miðar að því að meta fjármálastarfsemi með tilliti til áætlaðrar áhættu í rekstri þeirra. Jafnframt leggur aðferðafræðin grunn að mati á fjármálamarkaðnum í heild sinni sem og sértæku mati sem tryggir nauðsynlega yfirsýn yfir starfsemi einstakra fjármálastofnana. Aðferðafræðin stuðlar ennfremur að yfirsýn, á grundvelli áætlaðrar áhættu, yfir nauðsynlegar auðlindir (e. *resources*) við framkvæmd og skipulagningu eftirlits um leið og lagður er grunnur að eftirlitsáætlun stofnunarinnar.

- Eftirlits- og auðlindaáætlun sem byggir á áætlaðri áhættu í fjármálastarfsemi samkvæmt aðferðafræðinni (e. *Risk Based Supervision Plan*)

Áhættumatskerfi (RAS) er lykilþáttur í eftirliti með fjármálastarfsemi og við skipulagningu eftirlits.

### 5.1.2 Eftirlitsferli og verklag

Markmið þessa verkþáttar er að koma upp heildstæðri og skilvirkri aðferðafræði við áhættumiðað eftirlit (e. *Risk Based Supervision*). Aðferðafræðin byggir á viðurkenndum viðmiðum við eftirlit með fjármálastarfsemi. Aðferðafræðin mun jafnframt vera aðgengileg starfsmönnum við eftirlitsstörf í formi verkferla, verklagsreglna og leiðbeininga.

#### 5.1.2.1 Afurð

- Heildstæð og skilvirk aðferðafræði við áhættumiðað eftirlit (e. *Risk Based Supervision*).
- Aðferðafræði sem byggir á viðurkenndum viðmiðum við eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Aðferðafræði aðgengileg starfsmönnum við eftirlitsstörf í formi verkferla, verklagsreglna og leiðbeininga.
- Aðferðafræði sem tryggir að skjölun gagna sé með formlegum og gagnsæjum hætti.
- Þvingunarúrræði (e. *Enforcement process*)

### 5.1.3 Innviðir og uppbygging upplýsinga- og tölvukerfa

Markmið þessa verkþáttar er að Fjármálaeftirlitið búi yfir heildstæðu og viðeigandi upplýsinga- og tölvukerfi sem auðveldar og tryggir faglega skipulagningu, úrvinnslu, eftirlit, greiningu og varðveislu upplýsinga (e. *audit trail*) auk þess að styðja við vöktun á áhættustöðu fjármálastofnana m.a. með tilliti til frekara eftirlits.

#### 5.1.3.1 Afurð

- Heildstætt og viðeigandi IT/IS kerfi við eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 5.2 Stjórnun og skipulag

Umbótaverkefni er lúta að stjórnun og skipulagi skiptist í tvo undirverkþætti. Það er innra skipulagi og stjórnun annars vegar og mannauðsstjórnun hins vegar. Nánar verður gerð grein fyrir hverjum undirverkþætti hér að neðan.

### 5.2.1 Skipulag og stjórnun

Markmið þessa verkþáttar er að móta, innleiða og festa í sessi skipulag og verklag

fyrir rekstur og stjórnun allra þátta í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Með þessum verkþætti mun Fjármálaeftirlitið byggja upp heildstætt innra skipulag og stjórnunarferla í samræmi við viðurkennd viðmið. Þannig verður stuðlað að því að stofnunin geti ávallt sinnt lögbundnum hlutverkum sínum á virkan og árangursríkan hátt.

#### 5.2.1.1 Afurð

- Heildstætt innra skipulag sem styður við skilvirkt og faglegt eftirlit með fjármálastarfsemi
- Stjórnunarferlar sem tryggja skilvirkt og faglegt eftirlit með fjármálastarfsemi sem leiðir til markvissrar forgangsröðunar og betri nýtingar á tíma starfsfólks

#### 5.2.2 Mannauðstjórnun

Markmið þessa verkþátts er að byggja upp heildstæða þjálfunaráætlun fyrir starfsmenn sem sinna eftirliti með fjármálastarfsemi. Áætluninni er ætlað að tryggja að nægileg og viðeigandi fagleg þekking starfsmanna sé ávallt til staðar við eftirlit. Við mat á þekkingarþörf starfsmanna skal m.a. byggt á áhættustöðu fjármálastofnana samkvæmt áhættumatskerfi. Upplýsingar um menntun, þjálfun og reynslu starfsmanna skulu jafnframt vera aðgengilegar við skipulagningu eftirlits. Verkþátturinn miðar auk þess að mótun heildstæðrar áætlunar í þeim tilgangi að styrkja samkeppnisstöðu Fjármálaeftirlitsins á vinnumarkaði, auka stöðugleika í starfsmannahaldi og móta eftirsóknarverða fyrirtækjamenningu hjá Fjármálaeftirlitinu (*e. corporate culture*).

#### 5.2.2.1 Afurð

- Heildstæð þjálfunaráætlun fyrir starfsmenn sem sinna eftirliti með fjármálastarfsemi.
- Upplýsingar um menntun, þjálfun og reynslu starfsmanna skulu vera aðgengilegar við skipulagningu eftirlits.
- Heildstæð áætlun sem styrkir samkeppnisstöðu Fjármálaeftirlitsins á vinnumarkaði.

Nánari umfjöllun um umbótaverkefnið má finna í viðauka með rekstraráætluninni.

## 6 Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú árin og meginmarkmið

Megin áherslur stofnunarinnar næstu þrjú árin lúta að ofangreindum umbóta- og uppbyggingarverkefnum. Áætlað er að verkefnið verði unnin næstu þrjú árin að því gefnu að stofnunin fái áður nefndan IPA styrk. Um er að ræða mjög umfangsmikil og mannaflsfræk verkefni.

Fjármálaeftirlitið vinnur að gerð samstarfssamnings við finnska fjármálaeftirlitið en þar er kveðið á um aðstoð frá finnska eftirlitinu til Fjármálaeftirlitsins varðandi þróun og

uppbyggingu á áhættumatskerfi. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafa þegar heimsótt finnska eftirlitið og fengið kynningu á uppbyggingu þeirra á ákveðnum þáttum í áhættumatskerfi. Fyrirhuguð eru frekari samskipti og heimsóknir. Jafnframt er unnið að auknu samstarfi við írsku eftirlitið sem hefur gengið í gegnum áþekka erfiðleika og fjármálaeftirlitið á Íslandi.

Fjármálaeftirlitið hefur nýtt sér tæknilega aðstoð sem stendur umsóknarríkjum að Evrópusambandinu til boða og kallast TAIEX (e. *Technical Assistance Information Exchange office*). Starfsmenn stofnunarinnar hafa farið í nokkrar heimsóknir til annarra eftirlita til að kynna sér ýmis mál er tengjast uppbyggingu á eftirlitskerfum með fjármálastarfsemi. Frekari heimsóknir eru á dagskrá á næstu misserum.

Auk þeirra verkefna sem lýst er í kafla 5 þá er hafin vinna við endurskoðun á fyrirkomulagi við skýrsluskil eftirlitsskyldra aðila til stofnunarinnar. Markmið þessa verkefnis er að færast frá skýrsluskilum yfir í rafræn gagnaskil, eftirlitsskyldum aðilum og stofnuninni til aukinna hagsbóta.

### 6.1 Áform Fjármálaeftirlitsins fyrir árslok 2013:

Fjármálaeftirlitið áformar að fyrir árslok 2013 verðu búið að ljúka:

- skjölun á öllum verkferlum
- innleiðingu á öllum kjarnareglum um árangursríkt bankaeftirlit (BCP)
- hönnun á RAS kerfi fyrir alla flokka fjármálafyrirtækja
- hönnun og innleiðingu á þjálfunaráætlun fyrir starfsmenn

Auk þess er áformað að hefja innleiðingu á áhættumatskerfi (RAS) fyrir fjármálafyrirtæki.

## 7 Rekstraráætlun fyrir árið 2013

Undanfarin misseri hafa verið uppi háværar raddir um nauðsyn þess að minnka umfang reksturs Fjármálaeftirlitsins og í því samhengi bent á önnur fjármálaeftirlit. Samanburður við fjármálaeftirlit mun fjölmennari þjóða er hins vegar mjög vandasamur enda nauðsynlegt að huga að margvíslegum forsendum sem áhrif geta haft á niðurstöður. Umræða um umfang reksturs Fjármálaeftirlitsins er ekki ný af nálinni enda hefur nær sleitulaust frá stofnun eftirlitsins verið gerð rík krafa um aðhald og lágmarks kostnað.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins eru mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að nýting fjármuna sé sem allra best og að stærð stofnunarinnar sé ávallt í sem bestu samræmi við lögbundin verkefni hennar og stærð markaðarins. Á það skal hins vegar bent að alþjóðlegar kröfur um virkt eftirlit eru stöðugt að aukast sbr. kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit. Krafa íslensks samfélags er að fjármálamarkaðir starfi eftir

gildandi leikreglum í þágu alls samfélagsins. Til þess að geta sinnt þessu hlutverki sínu þarf Fjármálaeftirlitið að vera öflugt.

Í skýrslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (*e. The making of good supervision: Learning to say „no“, bls.14*) frá því í maí 2010 kemur meðal annars fram að fjármálaeftirlit sé mannaflsfræk starfsemi. Hefðbundið eftirlit og vettvangskannanir kalla á að hjá stofnuninni starfi nokkur fjöldi vel þjálfaðra sérfræðinga hverju sinni og að starfsmenn fjármálaeftirlita þurfi að endurmennta sig til að geta fylgt þeirri þróun sem á sér stað á fjármálamörkuðum. Eftirfylgni með málum hjá fjármálaeftirlitum er sérstaklega tímafrek. Meðal annars vegna þessa mun stofnunin leggja áherslu á að nýta þá dýrmætu þekkingu sem áunnist hefur meðal starfsmanna í rannsóknarhópi stofnunarinnar og ráða a.m.k hluta þeirra starfsmanna í störf tengdum vettvangsathugunum.

### 7.1 Forsendur áætlunarinnar

Nauðsynlegt er að sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði tryggt í raun. Í því felst meðal annars að stofnunin fái tækifæri næstu þrjú árin til að byggja upp sitt innra starf. Það hyggst stofnunin gera með því að halda áfram vinnu við umbótaverkefni sem er að mestu leyti í samræmi við það sem lagt var upp með í áætlun ársins 2012. Um er að ræða verkefni er lúta að innleiðingu nýs skipulags stofnunarinnar þar sem megin áherslan er á verkefna- og ferlamiðað skipulag, uppbyggingu áhættumatskerfis, þróun mannauðs og endurskipulagningu skýrsluskila frá eftirlitsskyldum aðilum til Fjármálaeftirlitsins (*sjá nánari umfjöllun um þessi verkefni í viðauka 1*). Ofangreindar áherslur byggja eins og áður hefur komið fram á gagnrýni í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem og niðurstöðum erlendra sérfræðinga sem framkvæmt hafa úttektir á stofnuninni undanfarin misseri. Má þar nefna niðurstöður úr skýrslu finnska ráðgjafans Kaarlo Jännäri sem hann samdi að beiðni forsætisráðuneytisins í mars 2009. Í skýrslunni leggur hann meðal annars til að skipulag stofnunarinnar verði hugsað út frá eftirlitspáttum (*e. functional unit*) í stað markaða (*e. sectoral unit*). Að sömu niðurstöðu kemst franskir ráðgjafinn Pierre-Yves Thoraval í skýrslu sinni sem hann samdi fyrir íslensk stjórnvöld í apríl 2011. Ennfremur má benda á yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins („*letter of intent*“ frá 16. ágúst 2011) þar sem lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu og styrkingu Fjármálaeftirlitsins. Sömu áherslur hafa komið fram í samskiptum við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Rekstraráætlun ársins 2013 tekur, auk ofangreindra atriða, mið af megináherslum í stefnu stofnunarinnar. Þær eru löghlýðni og heilbrigðir viðskiptahættir eftirlitsskyldra aðila, styrking á hæfni stofnunarinnar til sjálfstæðrar könnunar og mats á gæðum gagna til að byggja ákvarðanir eftirlits á og fagleg umræða og gagnsæi. Stefnan krefst þannig skilvirkra kerfa og öflugs mannauðs.

Tölulegar forsendur áætlunarinnar taka mið af upphaflegri áætlun fyrir árið 2012. Það er mat stjórnenda stofnunarinnar að nauðsynlegur fjöldi stöðugilda við Fjármálaeftirlitið sé 123,5 til að mögulegt verði að ljúka uppbyggingar- og umbótaverkefnum sem áætlað er að vinna að á næstu þremur árum, þ.e. árunum 2013 - 2015. Er sá fjöldi tveimur og hálfu stöðugildi færri en upphaflega var áætlað í áætlunargerð ársins 2012 sem unnin var vorið 2011 og grein var gerð fyrir í bréfi til efnahags- og viðskiptaráðherra dagsettu 1. desember 2011. Gefnar forsendur taka mið af því að stofnunin fái áður nefndan IPA styrk Evrópusambandsins.

Í upphaflegri rekstraráætlun ársins 2012 var gert ráð fyrir því að starfsmannafjöldi á árinu 2012 yrði 143 og lækkaði í áföngum og yrði 126 á árinu 2013, 113 árið 2014 og 104 árið 2015. Í samþykktir áætlun vegna 2012 var hins vegar dregið verulega úr áætluðum starfsmannafjölda og hann áætlaður 132 í stað 143. Nú er gert ráð fyrir að ráða einungis 124 starfsmenn á árinu 2012 í stað þeirra 132 sem heimild er fyrir og leggja áherslu á stöðugleika í starfsmannafjölda næstu þrjú árin með því að fjölga á móti stöðugildum á árunum 2013 og 2014 frá upphaflegri áætlun. Þannig er gert ráð fyrir að fjöldi starfsmanna á árinu 2013 verði 123,5 í stað 126 áður, 122 á árinu 2014 að því gefnu að verkefnum beintengdum hruninu verði að fullu lokið og 118 á árinu 2015 að því gefnu að ofangreind umbótaverkefni skili hagræðingu í rekstri stofnunarinnar. Að auki mun stofnunin fjölga stöðugildum um 1,5 vegna nýs verkefnis sem samþykkt var á alþingi 18. júní sl. er lítur að auknu eftirliti með Íbúðalánasjóði. Samtals er því áætlaður starfsmannafjöldi á árinu 2013 alls 125 starfsmenn.

## 7.2 Framsetning áætlunarinnar

Rekstraryfirlitið fyrir áætlun ársins 2013 er nú sett fram með breyttu sniði og stillt upp í samræmi við framsetningu endurskoðaðs rekstrarreiknings Fjármálaeftirlitsins í samræmi við kröfur Ríkisendurskoðunar. Í skýrslunni hér á eftir er sérstaklega gerð grein fyrir kostnaði er lýtur að launum og starfsmannatengdum kostnaði, úrskurðarnefnd, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, ferða- og starfstengdum kostnaði, aðkeyptri sérfræðipjónustu, rekstri tækja og áhalda, annars rekstrarkostnaðar, húsnæðiskostnaðar og eignakaupa.

Aftast í skýrslunni má sjá tvö fylgiskjöl. Annars vegar fylgiskjal með rekstraráætlun ársins 2013 og samanburð við áætlun ársins 2012 og hins vegar fylgiskjal með áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2013 og tillögum um álagningarhlutföll og lágmarks- og fastagjöld.

### 7.3 Helstu gjaldaliðir

#### 7.3.1 Launakostnaður

Mikilvægt er fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa ávallt á að skipa öflugum, vel menntuðum og reyndum hópi þjálfara sérfræðinga. Starfsmannafjöldi ræður mestu um helstu rekstrarstærðir Fjármálaeftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að fjöldi starfsmanna verði 123,5, sem er fækkun um tvö og hálf stöðugildi frá upphaflegri áætlun ársins 2012 fyrir árið 2013 en þar til viðbótar er gert ráð fyrir einu og hálfu stöðugildi vegna aukins eftirlits með Íbúðarlánasjóði eða samtals 125 starfsmenn. Meirihluti starfsmanna sem unnið hafa að rannsóknum á föllum fjármálafyrirtækjum munu á árinu 2013 snúa sér að vinnu við vettvangsathuganir auk vinnu að samtímarannsóknum enda mikilvægt fyrir stofnunina að efla þann þátt starfseminnar í ljósi sögunnar og nýta þá góðu reynslu og þekkingu sem áunnist hefur á undanförunum árum. Þá munu tvö stöðugildi verða tengd vinnu við frágang hrunrannsókna, vera sérstökum saksóknara til aðstoðar eftir þörfum og annast ritun lærdómsskýrslu. Tilgangur slíkrar skýrslu er að greina frá umfangi rannsókna, aðferðarfræði vinnunnar, lærdómi og tegund brota. Vonir standa til þess að niðurstöður skýrslunnar muni geta gefið góða innsýn inn í hvert mál en þekking og reynsla af vinnunni mun nýtast stofnuninni.

Áætlaður launa- og starfsmannatengdur kostnaður í áætluninni er 1.426 m.kr. að teknu tilliti til 3,25% samningsbundinna launahækkana. Þessi liður hækkar um 4% milli ára en hækkunin helgast af því að í áætlun 2012 var gert ráð fyrir því að starfsmenn hæfu störf á mismunandi tímum ársins en í áætlun 2013 er gert ráð fyrir að allir verði við störf við upphaf ársins.

Efnahags- og viðskiptaráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna. Stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins hefur lagt fram tillögu þess efnis að laun formanns verði lækkuð úr 600 í 400 þúsund kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir því að laun annarra stjórnarmanna verði óbreytt. Heildarkostnaður vegna launa stjórnarmanna að gefnum ofangreindum forsendum er að laun stjórnarmanna lækki því um 12% og fari úr 24,2 m.kr. í 21,1 m.kr. með launatengdum gjöldum.

#### 7.3.2 Skrifstofu- og stjórnarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnarkostnaðar er áætlaður 87.0 m.kr. og hækkar um 6% milli ára. Megin áherslur í þessum lið lúta að endurmenntun starfsmanna sem og upplýsingamiðlun stofnunarinnar í samræmi við stefnu stofnunarinnar um faglega umræðu og gagnsæi sem og vinnu við mat og greiningu á árangri stofnunarinnar.



### 7.3.3 Ferða- og starfstengdur kostnaður

Ferða- og starfstengdur kostnaður skiptist í tvo þætti. Annars vegar ferðakostnað starfsmanna og hins vegar kostnað vegna alþjóðlegs samstarfs í formi þátttökugjalda.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að kostnaður vegna ferða verði sambærilegur milli ára eða um 49 m.kr. Stærsti hluti annars kostnaðar stofnunarinnar samkvæmt þessum gjaldalið er vegna þátttökugjalda vegna aðildar Fjármálaeftirlitsins að eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins og þátttöku í öðru erlendu samstarfi.

Gert er ráð fyrir því að kostnaður þátttökugjalda í erlendu samstarfi hækki töluvert milli ára, fyrst og fremst vegna evrópsku eftirlitsstofnananna (e. *European Supervisory Authorities*), eða úr 27,4. m.kr. í 40.0 m.kr. eða um 28%.

Heildarkostnaður vegna ferðalaga og erlends samstarfs er því áætlaður um 98,0 m.kr. sem er 28% hækkun á milli ára eða sem nemur áætlaðri hækkun þátttökugjaldanna.

### 7.3.4 Sérfræðikostnaður

Áætlun um almennan sérfræðikostnað stofnunarinnar hækkar nokkuð milli ára eða um 27% og er áætlaður um 180,3 m.kr. á árinu 2013 í stað 142 m.kr. Stærsti hluti kostnaðarins lýtur að upplýsingatækni. Er hér um að ræða kostnað vegna áframhaldandi uppbyggingar á vöruhúsi gagna, gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila, greiningar á gögnum og smíði áhættumatskerfis. Annar sérfræðikostnaður lýtur að ýmiskonar sérfræðipjónustu, svo sem endurskoðenda, lögfræðinga, ráðningarpjónustu, sérfræðipjónustu í tengslum við dómsmál og vegna ráðgjafarnefndar um mat á hæfi stjórnarmanna.

### 7.3.5 Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður vegna reksturs tækja og áhalda er áætlaður um 4,0 m.kr. í stað 2,0 m.kr. árið 2012 og hækkar því um 100% á milli ára. Er hér fyrst og fremst um að ræða tilfærslu á milli liða í tengslum við breytta framsetningu á rekstraryfirliti stofnunarinnar. Þessi kostnaður var áður áætlaður undir *öðrum rekstrarkostnaði* (sjá nánar hér fyrir neðan) sem lækkar í heild um 38%.

### 7.3.6 Annar rekstrarkostnaður

Í samræmi við áherslur stofnunarinnar um aðhald í rekstri er gert ráð fyrir lækkun annars rekstrarkostnaðar sem nemur 38% á milli ára. Stór hluti þessarar lækkunar má rekja til minni þarfa á kaupum á vélbúnaði og hugbúnaðarleyfum fyrir nýja starfsmenn sem og breytts rekstrarforms er tengist rekstri upplýsingatæknikerfa.

### 7.3.7 Húsnæðiskostnaður

Húsaleiga núverandi húsnæðis byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu

neysluverðs. Áætlaður kostnaður vegna leigu og reksturs húsnæðis er 98,3 m.kr., þar af er húsaleiga um 70 m.kr., sem er hækkun um 13% milli ára. Hækkunin helgast af hækkunum á sameiginlegum rekstrarkostnaði húsnæðisins (hita og rafmagns) og verðlagshækkunum auk þess sem nokkur vanáætlun var á þessum lið í áætlun 2012 er varðar ræstingu og öryggismál.

### 7.3.8 Eignakaup

Áætluð eignakaup á árinu 2013 eru 20,0 m.kr. sem er veruleg lækkun milli ára eða um 80% enda stofnunin búin að endurnýja nauðsynlegan húsbúnað í tengslum við flutning í nýtt húsnæði.

### 7.3.9 Rekstrarkostnaður samtals

Samtala gjaldaliða er áætluð 1.955,0 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 1.917,1 m.kr. í áætlun ársins 2012. Þetta er 37,8 m.kr. hækkun milli ára eða rétt um 2%. Þess ber þó að geta að vegna yfirfærslu eigin fjár frá fyrra ári og að teknu tilliti til breytinga á varasjóði mun lækkun á álögðu eftirlitsgjaldi verða um 6%.

## 7.4 Helstu tekjuliðir

### 7.4.1 Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2012

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið í skýrslu þessari leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið er með tímaskráningu sem tengd er málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Þessi skráning verður þó ekki nema að hluta tengd ákveðnum eftirlitsskyldum aðilum eða flokkum þeirra. Fjöldmörg mál og eftirlitsverkefni eru almenns eðlis (e. *cross-sectoral*) og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaði í heild. Sama á við um verkefni sem varða innri starfsemi eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið telur þó að þetta fyrirkomulag við tímaskráningu gefi greinargóða mynd af skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar milli helstu flokka eftirlitsskyldra aðila.

Með tilvísun til framangreinds hefur Fjármálaeftirlitið athugað hvort tilefni sé til að leggja fram tillögur um breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins á árinu 2013. Nokkur breyting hefur orðið á framangreindu þriggja ára meðaltalsviðmiði úr tímaskiptingunni frá sambærilegu meðaltali á síðasta ári. Helsta breytingin lýtur að því að hlutur lánastofnana í heildartímaskiptingunni hefur lækkað eftir nokkrar sveiflur síðustu árin. Þannig telst nú 55.4% af ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins hafa verið ráðstafað í eftirlit með lánastofnunum að meðaltali á árunum 2009-2011. Sambærilegt hlutfall

áranna 2008-2010 var hins vegar 59,5% en hæst komst hlutfallið á einstöku ári í 65,2% árið 2008. Þessari breytingu frá fyrri árum fylgir síðan að hlutur annarra flokka eftirlitsskyldra aðila í tímaskráningunni vex að sama skapi.

Í *fylgiskjali 2*, sem er fylgiskjal með skýrslunni, er sýnd tillaga Fjármálaeftirlitsins að skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2013 milli flokka eftirlitsskyldra aðila, álagningarstofna gjaldsins, og tillögur um breytingar á álagningarhlutföllum og þeim lágmarks- og fastagjöldum sem lagt er til að verði breytt. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg hlutfallsskipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2012 ásamt gildandi álagningarhlutföllum og lágmarks- og fastagjöldum. Vakin skal athygli á því að í þeim dálkum í töflunni sem sýna hlutfallsskiptingu álagðs eftirlitsgjalds eru ekki meðtalin eftirlitsgjöld á fjármálafyrirtæki undir slitastjórn.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er, eins og fram kemur í *fylgiskjali 2*, lögð til lækkun á álagningarhlutföllum lánastofnana og Lánasjóðs sveitarfélaga o.hf. en hækkun á álagningarhlutföllum váttryggingafélaga, váttryggingamiðlara, verðbréfa-fyrirtækja, verðbréfamiðlara, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, verðbréfamiðstöðva, kauphalla, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs en Fjármálaeftirlitinu hefur nýverið verið ætlað aukið hlutverk í eftirliti með sjóðnum. Ekki er lagt til að álagningarhlutfalli á fagfjárfestastjóði verði breytt að þessu sinni meðan frekari reynsla af umfangi eftirlits með þessum sjóðum er aflað, en þeir lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins frá 1. nóvember 2011 samkvæmt lögum nr. 128/2011. Í töflunni kemur einnig fram að áfram er gert ráð fyrir mismuni á álagningarhlutföllum vegna annars vegar viðskiptabanka og hins vegar sparissjóða, lánafyrirtækja og greiðslustofnana en um er að ræða óbreytt verklag hvað það varðar eins og verið hefur frá og með árinu 2008.

Í ársbyrjun 2011 tóku gildi breytingar á lágmarks- og fastagjöldum vegna eftirlitsgjalda er varða stóran hluta eftirlitsskyldra aðila en þessum gjöldum hafði þá ekki verið breytt í nokkur ár. Í byrjun árs 2012 tóku því næst gildi breytingar á ýmsum fastagjöldum sem færð hafa verið í lögin á allra síðustu árum. Fjármálaeftirlitið telur ekki tilefni til að leggja til breytingar á þessum gjöldum vegna rekstraráætlunarinnar fyrir árið 2013 að undanskyldum fastagjöldum lífeyrissjóða en lagðar eru til breytingar sem miða að því að hlutur fastagjalda verði um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við fyrri óskir Landssamtaka lífeyrissjóða. Lagt er því til að gjöld þessi verði samkvæmt eftirgreindu:

Fastagjald 1.200 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.930 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 3.370 þús.kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 6.260 þús. kr. vegna lífeyrissjóða

með hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 7.260 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir.

Frá og með árinu 2009 hefur verið lagt á eftirlitsgjald í formi fastagjalds á fallin fjármálafyrirtæki. Upphaflega, þ.e. í byrjun árs 2009, var lagt á fastagjald á föllnu viðskiptabankana þrjá eingöngu, Glitni baka hf., Kaupþing banka hf. og Landsbanka Íslands hf., og frá og með ársbyrjun 2010 á fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanevnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þessi álagning á fallin fjármálafyrirtæki hefur verið óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur takmarkað starfsleyfi eða ekki og frá ársbyrjun 2011 hefur verið lagt á aðila sem falla undir sömu skilgreiningu óháð því hvort starfsleyfi fjármálafyrirtækis hefur verið afturkallað. Álagningu eftirlitsgjalds á fyrirtæki í framangreindri stöðu hefur fyrst og fremst verið ætlað að standa straum af kostnaði við rannsóknir tengdar bankahruninu og hefur kostnaði við þá vinnu verið haldið utan við þau rekstrargjöld stofnunarinnar sem starfandi eftirlitsskyldum aðilum er ætlað að greiða með eftirlitsgjaldi.

Fjármálaeftirlitið mun draga úr rannsóknarstarfsemi í tengslum við bankahrundið. Gert er ráð fyrir lágmarks starfsemi varðandi þennan þátt á árinu 2013. Þess ber þó að geta að föllum fjármálafyrirtækjum fylgir áfram eftirlitsskylda vegna slitastjórna og er því í þessari áætlun gert ráð fyrir að leggja þurfi samtals 40 m.kr. eftirlitsgjöld á fallin fjármálafyrirtæki á árinu 2013 en álagt eftirlitsgjald á fyrirtæki í þessari stöðu í ársbyrjun 2012 var 249,5 m.kr. Því er í þessari áætlun lögð til veruleg lækkun á fastagjöldum á fjármálafyrirtæki sem stýrt er af slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hafi starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi fyrirtækisins hafi verið afturkallað. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fast gjald á viðskiptabanka í þessari stöðu verði 6.000 þús.kr. en gjaldið er nú 35.000 þús.kr., fast gjald á aðrar lánastofnanir verði 3.000 þús.kr. en gjaldið er nú 18.500 þús. kr., og fast gjald á önnur fjármálafyrirtæki verði 1.000 þús.kr. en gjaldið er nú 8.500 þús. kr.

Alls hafa frá og með árinu 2009 verið lagðar um 666 m.kr. á fallin fjármálafyrirtæki. Í ársbyrjun 2012 var lagt á 11 fyrirtæki í þessari stöðu en aðeins eitt þeirra er enn með takmarkað starfsleyfi. Búist er við að þegar á þessu ári falli einhver fyrirtæki út sem mögulegir greiðendur eftirlitsgjalds vegna þess að slitaferli viðkomandi fjármálafyrirtækis lýkur en sú staða skýrist væntanleg betur þegar líður á árið. Þess ber einnig að geta varðandi þetta að nokkur vanskil hafa safnast upp vegna þessara gjalda og eru nú ógreidd álögð gjöld á þessa aðila samtals um 162 m.kr. (*án vaxta*). Fjármálaeftirlitið er að hefja innheimtuaðgerðir vegna þessara vanskila.

Með vísan til þess sem hér hefur verið nefnt um álagningu eftirlitsgjalds á fallin fjármálafyrirtæki telur Fjármálaeftirlitið hins vegar nauðsynlegt að endurmeta tillöguna um álagningu á þessa aðila þegar líður á árið.

Samkvæmt rekstraráætluninni fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald í heild á því ári verði 1.742,8 m.kr. samanborið við 1.859,1 m.kr. upphaflega áætlað eftirlitsgjald á árinu 2012 sem er rúmlega 6% lækkun milli ára. Sé miðað við 1.865,2 m.kr. endurskoðað áætlað innheimt eftirlitsgjald á árinu 2012 er um að ræða 8% lækkun milli ára.

#### 7.4.2 Aðrar tekjur og vaxtatekjur

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðum á reikningum sínum í Seðlabanka Íslands. Áætlaðar vaxtatekjur nettó, 8,0 m.kr., byggja á áætlaðri meðalstöðu innstæðu miðað við álagningu eftirlitsgjalds samkvæmt drögum að rekstraráætlun. Aðrar tekjur eru vegna innheimtu vegna vinnu er lýtur að yfirferð útboðslýsinga.

Þess má einnig geta að stofnunin hefur sótt um svokallaðan IPA styrk Evrópusambandsins til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu áhættumatskerfis. Niðurstaða umsóknar Fjármálaeftirlitsins mun ekki liggja fyrir fyrr en haustið 2012.

Aðrar tekjur eru óverulegar eða um 3 m.kr. Fjármálaeftirlitið kann að nýta heimildir í 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, til að krefja eftirlitsskylda aðila um greiðslu kostnaðar fyrir tilfallandi nauðsynlegt umframeftirlit samkvæmt reikningi, samanber nánar tilvitnaða lagagrein, og innheimta fastagjöld fyrir afgreiðslu starfsleyfa og ýmsar afgreiðslur og skráningar, samanber gjaldskrá stofnunarinnar. Tekjur samkvæmt framangreindu er ekki gerlegt að áætla.

## Fylgiskjal 1: Rekstraráætlun fyrir árið 2013 og samanburður við árið 2012

Rekstrarkostnaður	Áætlun 2012 1	Endurskoðuð áætlun 2012 2	Áætlun 2013 3	Breyt. % 1 til 3
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	1.369.318.000	1.369.318.000	1.426.000.000	4%
Úrskurðarnefndir	14.000.000	14.000.000	15.000.000	7%
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	81.849.000	81.849.000	87.000.000	6%
Ferða- og starfstengdur kostnaður	76.684.000	76.684.000	98.000.000	28%
Aðkeypt sérfræðipjónusta	141.950.000	141.950.000	180.300.000	27%
Rekstur tækja og áhaldna	1.960.000	1.960.000	4.000.000	104%
Annar rekstrarkostnaður	42.923.600	42.923.600	26.400.000	-38%
Húsnæðiskostnaður	87.255.000	87.255.000	98.300.000	13%
Eignakaup	101.195.000	101.195.000	20.000.000	-80%
<b>Gjöld samtals alls</b>	<b>1.917.134.600</b>	<b>1.917.134.600</b>	<b>1.955.000.000</b>	<b>2%</b>
<b>Tekjur</b>				
Álagt eftirlitsgjald m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999	1.859.059.651	1.859.059.651	1.742.847.039	-6%
Vaxtatekjur netto	2.000.000	2.000.000	8.000.000	
Aðrar tekjur	3.000.000	3.000.000	3.000.000	
Tekjur alls	1.864.059.651	1.864.059.651	1.753.847.039	
<b>Tekjuafgangur</b>	<b>-53.074.949</b>	<b>-53.074.949</b>	<b>-201.152.961</b>	
Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	91.374.949	334.227.910	281.152.961	
Eigið fé í árslok	38.300.000	281.152.961	80.000.000	
- þar af sérstakur varasjóður	38.300.000	38.300.000	80.000.000	
- þar af annað eigið fé	0	242.852.961	0	

## Fylgiskjal 2: Áætlað eftirlitsgjald 2013

## Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2013 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarks- og fastasgjöld

Mibað er við álagningarþörf skv. drögum að rekstrarætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2013, samtals 1.742.847 þús.kr.

## Fylgiskjal 2

Tilvísun í 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999	Álagt eftirlitsgjald í ársbyrjun 2012	Álagningarskipting milli flokka eftirlitsgjalds m.v. álagning 2013 <sup>1)</sup>	Álagningarskipting milli flokka eftirlitsgjalds m.v. álagning 2013 <sup>1)</sup>	Álagningarskipting milli flokka eftirlitsgjalds m.v. álagning 2013 <sup>1)</sup>	Tillögur um álagningarhlutföll - % vegna ársins 2013	Gildandi lágmarks- og fastasgjöld 2012	Tillögur um lágmarks- og fastasgjöld 2013 <sup>2)</sup>	Gildandi álagningarhlutföll - %	Áætluð álagning vegna ársins 2013 <sup>1)</sup>	Hlutf. skipting milli flokka eftirlitsgjalds m.v. álagning 2013
Lánastofnanir	988.099	61,2	3.020.013.632	1000	0,0323	1000	1000	0,0338	972.835	57,1
Viðskiptabankar	933.143	57,8	2.865.327.623	1000	0,0292	1000	1000	0,0303	925.501	54,4
Sparrisjóðir	19.110	1,2	59.367.093	1000	0,0292	1000	1000	0,0303	18.501	1,1
Lánafyrirtæki	35.846	2,2	95.318.916	1000	0,0292	1000	1000	0,0303	28.038	1,6
Greiðslustofnanir	0	0	0	1000	0,0292	1000	1000	0,0303	1.000	0,1
Vátyggingafélag	188.666	10,4	48.121.892	1000	0,4040	1000	1000	0,3560	196.908	11,6
Vátyggingamatlarar	2.930	0,2	633.714	450	0,2230	450	450	0,1920	3.282	0,2
Verðbrélaýrirtæki	28.276	1,8	6.182.161	1000	0,5100	1000	1000	0,4100	36.387	2,1
Verðbréfamílanir	1.266	0,1	146.933	600	0,5100	600	600	0,4100	1.279	0,1
Rekstrarfélög	97.729	6,0	311.592.567	1000	0,0344	1000	1000	0,0330	109.251	6,4
" fagfæratesjóðir - lög 128/2011	18.768	1,2	58.984.893	300	0,0250	300	300	0,0250	21.009	1,2
Verðbréfamíliðstövar	3.691	0,2	525.560	600	0,7100	600	600	0,7000	3.731	0,2
Kauphallir	4.380	0,3	537.443	600	0,8200	600	600	0,8100	4.407	0,3
Lífeyrisjóðir	210.047	13,0	2.097.322.786	1200-7280	1140-6470	450	450	0,0114	239.095	14,0
Innviðskiptis- og samvinnufélaga	450	0,0	0	450	0,0088	450	450	0,0088	450	0,0
Íbúðalánasjóður	35.946	2,2	863.971.286	1000	0,0043	1000	1000	0,0043	58.750	3,5
Lánasjóður sveitarfélaga	6.784	0,4	72.361.982	600	0,0088	600	600	0,0092	6.368	0,4
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf. og öryggissjóðir skv. lögum um innstæðutryggingar	1.000	0,1	0	500	0	500	500	0	1.000	0,1
Aðilar með innheimtuleyfi skv. l. nr. 96/2008	2.800	0,2	0	700	0	700	700	0	2.800	0,2
Erfendir vörusúðilár séreignarsparnaðar	3.200	0,2	0	1600	0	1600	1600	0	3.200	0,2
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.	10.500	0,6	0	1500	0	1500	1500	0	10.500	0,6
Útgefendur hlutabréfa og skuldbréfa	31.200	1,9	0	0	0	0	0	0	31.390	1,8
<b>Samtals</b>	<b>1.615.722</b>	<b>100,0</b>							<b>1.702.847</b>	<b>100,0</b>
Fjármálaýrirtæki undir skilanefndum o.fl. <sup>2)</sup>	249.500			1-6 m.kr.		8,5-35 m.kr.			40.000	
<b>Samtals</b>	<b>1.865.222</b>								<b>1.742.847</b>	

\*) e=elgnir samtals; f=rekstrarfélögur;

e)= hrein eign til greiðslu líffeyris;

l=íldgjöld; f=fastagjald

h=hrein eign

Fastagjöld líffeyrisjóða:

Hrein eign til gr. líffeyris 0 til 1 ma.kr. 1.200 þús.kr.

Hrein eign til gr. líffeyris 1 til 10 ma.kr. 1.930 þús.kr.

Hrein eign til gr. líffeyris frá 10 til 25 ma.kr. 3.370 þús.kr.

Hrein eign til gr. líffeyris frá 25 til 100 ma.kr. 6.260 þús.kr.

Hrein eign til gr. líffeyris frá 100 ma.kr. 7.260 þús.kr.

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.  
2) Fjármálaýrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, sítíðing eða bráðabirgðastjórn.  
3) Sjá nánar um lágmarks- og fastagjöld í kafla 7.4.1 í skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðherra um áætláðan rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins árið 2013.

Fylgiskjal II.



Viðauki  
með rekstraráætlun 2013

Umbótaverkefni Fjármálaeftirlitsins 2013 - 2015  
og framtíðarsýn árið 2015

Reykjavík  
28. júní 2012



## 1 Inngangur

Mikilvægt er fyrir þjóðarhag að Fjármálaeftirlitið búi að sterkum innviðum og viðurkenndum alþjóðlegum viðmiðum við eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið varð til árið 1999 með sameiningu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Stofnunin er því ennþá tiltölulega ung. Nokkuð hefur skort á skipulega uppbyggingu á starfi stofnunarinnar fram að þessu.

Á undanförunum þremur árum hefur verið lagt mat á starfsemi Fjármálaeftirlitsins af erlendum sérfræðingum og einnig var starfsemi þess skoðuð af rannsóknarnefnd Alþingis. Allir þessir aðilar komu með uppbyggilega gagnrýni á störf stofnunarinnar og er nú unnið að úrbótum byggt á þeirri gagnrýni og framkomnum ábendingum. Meðal annars er nú unnið að nokkrum umfangsmiklum umbótaverkefnum sem byggð eru á niðurstöðum úr skýrslu franska sérfræðingsins Pierre-Yves Thoraval frá í apríl 2011. Við skipulagningu á þessum umbótaverkefnum og við uppbyggingu á Fjármálaeftirlitinu er m.a. tekið mið af alþjóðlegum stöðlum svo sem kjarnareglum um árangursríkt bankaeftirlit<sup>1</sup> (*Basel Core Principles for Effective Banking Supervision - BCP*).

Þessum verkefnum verður ekki að fullu lokið fyrr en á árinu 2015. Vinnan við þau kallar á aukinn fjölda starfsmanna allan þann tíma sem unnið er að þeim. Áformað er að ráða nokkra starfsmenn tímabundið í verkefnið en áætlað er að stærstur hluti kostnaðarinnar við vinnuna verði greiddur með styrk frá Evrópusambandinu, svokölluðum IPA (e. *Instrument for Pre-Accession Assistance*) styrk.<sup>2</sup> Fari svo að Fjármálaeftirlitið fái ekki IPA styrkinn er gert ráð fyrir að minnka umfangið að nokkru og dreifa verkefnum á lengri tíma.

Fjármálaeftirlitið verður byggt upp í samræmi við alþjóðleg viðmið, kröfur íslensks samfélags og þátttöku stofnunarinnar í mótun á framtíðarskipan fjármálakerfisins hér á landi. Að þremur árum liðnum er gert ráð fyrir því að nýtt skipulag við eftirlit skili meiri skilvirkni.

<sup>1</sup> **Kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit** (e. *Basel Core Principles for Effective Banking Supervision - BCP*) eru lágmarksviðmið fyrir heilbriggt og hagnýtt regluverk og eftirlit með bönkum og bankakerfum. Kjarnareglurnar eru notaðar af opinberum bankaeftirlitum sem viðmið til að leggja mat á gæði eftirlitskerfa og til að koma auga á framtíðarviðfangsefni með það að markmiði að tryggja lágmarksviðmið fyrir heilbriggt eftirlit. Tilgangur þessara reglna er m.a. að samræma bankaeftirlit milli landa og gera eftirlitsstofnunum kleift að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni. Þessi viðmið eru líka notuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum í tengslum við matsáætlun fyrir fjármálamarkaðinn, til að leggja mat á kerfi og aðferðir við bankaeftirlit. <http://www.bis.org/publ/bcbs129.htm>

<sup>2</sup> **IPA styrkir** (e. *Instrument for Pre-Accession Assistance*) eiga að auðvelda umsóknarríkjum samvinnu um ýmis verkefni meðal annars milli stofnana umsóknarríkis og evrópskra stofnana. IPA styrkir eiga einnig að stuðla að umræðu í samfélaginu sem er hluti af markmiði um þróun borgaralegs samfélags

Nauðsynlegt er að Fjármálaeftirlitið geti lokið þeim umbótaverkefnum sem nú er unnið að og stefnt að því að ljúka á árinu 2015. Þannig verði lagður traustur grunnur að faglegu og skilvirku fjármálaeftirliti til framtíðar.

## 2 Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins frá haustinu 2008

Frá falli stóru viðskiptabankanna þriggja haustið 2008 hefur margt áunnist í starfi stofnunarinnar. Viðbrögð við því sérstaka ástandi sem skapaðist í kjölfar bankahrunsins setti sterkan svip á allt innra starf stofnunarinnar næstu misserin þar á eftir. Á þeim tíma var stærsti hluti bankakerfisins endurreistur í breyttri mynd, nýjum stofnunum var fylgt markvisst eftir á sama tíma og skilanefndum og slitastjórnnum var fylgt úr hlaði. Það verkefni að tryggja virka fjármálaþjónustu í landinu var umfangsmikið og krafðist skipulagningar og samhæfingar. Eftirlit með nýjum fjármálafyrirtækjum, sem reist voru á grunni fallinna fjármálafyrirtækja, hefur einkennst af auknu aðhaldi og hertum reglum. Frá þessum tíma hafa jafnt og þétt komið fram krefjandi álitæfni sem þarfnast úrlausnar.

Fjármálaeftirlitið hefur fengið mörg ný verkefni frá haustinu 2008. Má þar nefna tímabundið eftirlit með slitastjórnnum fallinna fjármálafyrirtækja. Þá hafa rannsóknir tengdar starfsemi fallinna fjármálafyrirtækja kallað á allt að 17 stöðugildi en þær eru einnig tímabundið verkefni. Við setningu laga um innheimtustarfssemi var Fjármálaeftirlitinu falið eftirlit með starfsemi þeirra og sama á við um eftirlit með greiðslustofnunum á grundvelli nýrra laga um greiðsluþjónustu. Þá var stofnuninni falið víðtækara hlutverk með nýjum lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Það sama á við um aukið umfang eftirlits með Íbúðalánasjóði. Gert er ráð fyrir að yfirferð útboðslýsinga frá Kauphöll kalli á tvö stöðugildi. Ofangreind verkefni hafa kallað á eflingu eftirlitsins sem nemur rúmum 30 stöðugildum.

Í janúar 2011 gerðu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands með sér nýjan samstarfssamning. Markmið samningsins er að stuðla að heilbrigðu, virku og öruggu fjármálakerfi í landinu. Fjármálaeftirlitið gegnir mikilvægu hlutverki við mat á kerfislægum áhættum og fjármálastöðugleika. Þá mun stofnunin taka virkan þátt í mótun og stefnumörkun varðandi framtíðarskipan fjármálakerfisins á Íslandi.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri fjölgun sem nauðsynleg hefur verið í mannafla stofnunarinnar frá haustinu 2008 vegna nýrra verkefna. Auk þess er þekkt að mikið skorti á, fyrir hrun, að Fjármálaeftirlitið hefði þann fjölda starfsmanna sem þurfti til að sinna með viðeigandi hætti þeim verkefnum sem eftirlitinu var ætlað. Úr því hefur einnig verið bætt. Starfsmönnum hefur því fjölgað úr 62 árið 2008 í rúmlega 120 árið 2012. Nýir stjórnendur voru ráðnir til stofnunarinnar í ársbyrjun 2012 í kjölfar skipulagsbreytinga. Meirihluti starfsmanna hefur því minni starfsreynslu en þrjú ár.

Fjármálaeftirlitið gaf út nýja stefnu í nóvember 2010 og hefur verið unnið að því að innleiða hana. Stefnan byggir á þremur meginstöðum sem eru:

- Löghlýðni og heilbrigðir viðskiptahættir
- Sjálfstæð könnun og mat
- Fagleg umræða og gagnsæi

Fjármálaeftirlitið hefur þegar mótað þau gildi sem einkenna munu vinnubrögð þess í framtíðinni. Þau eru áræðni, fagmennska og festa. Til að framfylgja stefnu Fjármálaeftirlitsins þarf áframhaldandi umbætur í starfsemi stofnunarinnar með megináherslu á öflugan starfshóp reyndra og vel þjálfðra sérfræðinga.

Alþjóðlegar kröfur um virkt eftirlit með fjármálastarfsemi hafa stöðugt orðið meiri. Samhliða aukast kröfur frá almenningi um sýnileika og öflugra fjármálaeftirlit. Það kallar á vaxandi fjölda hæfra sérfræðinga við eftirlitið og öflugri upplýsingamiðlun.

Í þessu samhengi má nefna að fjármálaeftirlit í öðrum löndum hafa einnig gengið í gegnum skipulagsbreytingar og innleitt nýjar aðferðir við sína vinnu. Má þar nefna írska fjármálaeftirlitið sem dæmi. Þar hefur verið innleidd ný aðferðarfræði við eftirlit, þ.e. áhættumiðað eftirlit. Jafnframt hafa Írar nýlega tekið í notkun sérsníðaðan hugbúnað og kerfi sem gerir alla vinnu við eftirlit skilvirkari og markvissari. Samt sem áður hafa þeir tvöfaldað fjölda eiginlegra eftirlitsmanna frá árinu 2008.

Umbótaverkefni, sem nú er unnið að hjá Fjármálaeftirlitinu, eru, eins og nefnt er að framan, byggð á niðurstöðum í skýrslu franska sérfræðingsins Pierre-Yves Thoraval (*e. Report on Iceland Supervision*) sem og úttekt finnska ráðgjafans Kaarlo Jännäri og athugasemdum úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.


Þetta uppbyggingarstarf hófst með skilgreiningu á umræddum umbótaverkefnum en það fólst í gerð skýrslu er nefnist Umbótaverkefni 2011-2014. Vinna við þessi umbótaverkefni hófst haustið 2011. Þessum verkefnum er lýst í sérstökum kafla hér aftar.

Um er að ræða verkefni er lúta að innleiðingu nýs skipulags stofnunarinnar þar sem megin áherslan er á verkefna- og ferlamiðað skipulag, uppbyggingu áhættumatskerfis (*e. Risk Assessment System - RAS*), þróun mannauðs og endurskipulagningu skýrsluskila frá eftirlitsskyldum aðilum til Fjármálaeftirlitsins. Í meðförum Alþingis í desember 2011 var rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2012 skorin niður um sem svaraði ellefu stöðugildum. Vegna þessa varð að fresta hluta af vinnu sem tengist umbótaverkefnum.

Fjármálaeftirlitið gegnir mikilvægu hlutverki við setningu leikreglna á fjármálamarkaði. Það tekur m.a. þátt í innleiðingu sameiginlegra reglna Evrópuréttarins á sviði fjármálaþjónustu vegna skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Stofnuninni er víða í lögum falið að setja reglur og hefur almenna heimild til að setja leiðbeinandi tilmæli um góða og heilbrigða viðskiptahætti. Þessi þáttur í störfum stofnunarinnar verður sífellt umfangsmeiri.

### 3 Breytt stjórnskipulag og verkefni nýrra sviða

Nýtt stjórnskipulag Fjármálaeftirlitsins tók gildi í janúar 2012. Þetta nýja stjórnskipulag (sjá mynd hér að neðan) er bæði í samræmi við niðurstöður skýrslu finnska ráðgjafans Kaarlo Jännäri sem hann samdi að beiðni forsætisráðuneytisins og birt var í mars 2009 og franska ráðgjafans Pierre-Yves Thoraval en hann lagði sína skýrslu fram í apríl 2011. Þessir sérfræðingar lögðu til að skipulag stofnunarinnar yrði hugsað út frá eftirlitsþáttum (*e. functional unit*) í stað markaða (*e. sectoral unit*). Eftirlitssviðin, samkvæmt hinu nýja skipulagi, eru þrjú, þ.e. *greiningar*, *eftirlit* og *vettvangsathuganir*. Í ársbyrjun 2012 voru ráðnir þrír nýir framkvæmdastjórar fyrir þessi eftirlitssvið.



Stutta lýsingu á skipulagi kjarnasviðanna má sjá hér að neðan.

#### 3.1 Eftirlit

Hlutverk sviðsins er:

- Að hafa reglubundið eftirlit með fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum þátttakendum á fjármálamarkaði. Eftirlitssvið gætir þess að eftirlitsskyldir aðilar starfi í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi þeirra auk laga um opinbert eftirlit nr. 87/1998.

- Að semja drög að reglum og leiðbeinandi tilmælum, auk þess að fylgjast með og koma á framfæri við stjórnvöld tillögum að þeim lagabreytingum sem þörf er á í tengslum við fjármálamarkaðinn, m.a. vegna innleiðingar Evrópugerða.
- Að meta hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Að veita starfsleyfi, svipta starfsleyfi, meta hæfi til að eiga virkan eignarhlut, svo dæmi séu nefnd um matskenndar stjórnvaldsákvarðanir.
- Að sinna neytendamálum m.a. í tengslum við eftirlit með heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum.

### **Skipulag innan sviðsins er eftirfarandi:**

Framkvæmdastjóri

Sviðinu er skipt í þrjár deildir eftir verkefnum:

- Fjárhagslegt eftirlit:
  - Forstöðumaður, tveir hópstjórar og 16 sérfræðingar
- Lagalegt eftirlit og lýsingar:
  - Forstöðumaður og 14 sérfræðingar
- Sértek lagaleg málefni og neytendavernd:
  - Forstöðumaður og 4 sérfræðingar

### **3.2 Greiningar**

#### **Hlutverk sviðsins er:**

- Að leggja grunninn að áhættumiðaðri og fyrirbyggjandi eftirlitsáætlun í samstarfi við eftirlit og vettvangsathuganir.
- Að áhættumeta einstaka hluta fjármálamarkaðar og markaðinn sem heild, fylgjast með þróun áhættu, leggja til áherslur í eftirliti og meta þörf fyrir inngrip eftirlitssviða, m.a. með kröfu um eigið fé.
- Að safna, greina og miðla upplýsingum vegna samstarfs stjórnvalda um fjármálastöðugleika.

- Að upplýsa markaðsaðila, fjölmiðla og almenning um stöðu fjármálamarkaða með útgáfu tölulegs efnis, blaðamannafundum og reglulegri útgáfu.

#### **Skipulag innan sviðsins er eftirfarandi:**

Framkvæmdastjóri

Sviðinu er skipt í þrjár deildir eftir verkefnum:

- Áhættugreining:
  - Forstöðumaður og 8 sérfræðingar
- Markaðsgreining:
  - Forstöðumaður og 7 sérfræðingar
- Uppbygging áhættumatskerfis
  - Forstöðumaður og 2 sérfræðingar

### **3.3 Vettvangsathuganir**

#### **Hlutverk sviðsins er:**

- Að hafa með höndum eftirlit á vettvangi og afla upplýsinga og gagna.
- Að rannsaka meint brot á þeim sérlögum sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að framfylgja.

#### **Skipulag innan sviðsins er eftirfarandi:**

Framkvæmdastjóri

Sviðinu er skipt í tvær deildir eftir verkefnum:

- Vettvangsathuganir:
  - Forstöðumaður og 9 sérfræðingar
- Frumrannsóknir á meintum brotum:
  - Tveir forstöðumenn og 13 sérfræðingar

#### 4 Umbótaverkefni 2011 – 2014

Í skýrslu franska sérfræðingsins Pierre-Yves Thoraval eru lagðar fram tillögur að aðgerðum svo stofnunin geti uppfyllt alþjóðlega staðla hvað varðar kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit (*Basel Core Principles for Effective Banking Supervision - BCP*).

Mat Thoraval er að næstu tvö árin sé þörf á allt að fimm viðbótarstarfsmönnum til að byggja upp eftirlit sem uppfyllir þessa alþjóðlegu staðla. Auk þess er það mat hans að þörf sé á 8-11 starfsmönnum í að minnsta kosti tvö ár til að byggja upp áhættumatskerfi (*Risk Assessment System*) en það er forsenda þess að mögulegt verði að uppfylla staðlana (*BCP*). Stjórn Fjármálaeftirlitsins samþykkti í ágúst 2011 aðgerðaáætlun vegna umbótaverkefna á árunum 2011 til 2014. Áætlunin beinist að því að koma þessum stöðlum á.

Fjármálaeftirlitið vinnur nú að gerð samstarfssamnings við finnska fjármálaeftirlitið varðandi þróun og uppbyggingu á áhættumatskerfi. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafa þegar heimsótt finnska eftirlitið og fengið að kynna sér uppbyggingu þess á ákveðnum þáttum í áhættumatskerfi. Fyrirhuguð eru frekari samskipti og heimsóknir.

Fjármálaeftirlitið hefur nýtt sér tæknilega aðstoð sem stendur umsóknarríkjum að Evrópusambandinu til boða og kallast TAIX (e. Technical Assistance Information EXchange office). Starfsmenn stofnunarinnar hafa farið í nokkrar heimsóknir til annarra eftirlita til að kynna sér ýmis mál er tengjast uppbyggingu á eftirlitskerfum með fjármálastarfsemi. Frekari heimsóknir eru á dagskrá á næstu misserum.

Hér að aftan er umbótaverkefnum Fjármálaeftirlitsins lýst í grófum dráttum. Vinna við þau er þegar hafin. Uppbygging áhættumiðaðs eftirlits er tímafrek og krefst samvinnu allra deilda stofnunarinnar. Þegar tekist hefur að uppfylla hina alþjóðlegu staðla stofnunarinnar verða þeir verkferlar og það skipulag sem sprettur af þeirri vinnu lagað að eftirliti með öðrum eftirlitsskyldum aðilum svo sem líffeyrissjóðum og váttryggingafélögum. Áætlað er að þessari vinnu ljúki á árinu 2015. Stór hluti þess hóps sem mun vinna að umbótaverkefnum hjá stofnuninni verður ráðinn inn tímabundið og verður þessi þáttur, að öllum líkindum, kostaður af styrk frá Evrópusambandinu, IPA styrk.

Umbótaverkefnunum er skipt í tvo hluta. Annar hlutinn beinist að heildstæðu, áhættumiðuðu eftirlitskerfi og hinn hlutinn að stjórnun og skipulagi sem skiptist í tvo undirverkþætti.

#### 4.1 Heildstætt, áhættumiðað eftirlits- og upplýsingakerfi

Unnið er að hönnun og uppbyggingu á áhættumatskerfi (e. Risk Assessment System - RAS). Það er heildstætt og skilvirkt eftirlitskerfi sem byggir á aðferðafræði við áhættumat samkvæmt viðurkenndum viðmiðum við eftirlit með fjármálastarfsemi (fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, líffeyrissjóðir o.s.frv.). Aðferðafræðin miðar að því að meta fjármálastarfsemi með tilliti til áætlaðrar áhættu í rekstri eftirlitsskyldra aðila. Jafnframt er með aðferðafræðinni lagður grunnur að mati á fjármálamarkaðnum í heild sinni sem og sértæku mati sem tryggir nauðsynlega yfirsýn yfir starfsemi einstakra fjármálastofnana. Með þessu fæst betri heildarmynd, sem byggð er á mati á áhættuþáttum, yfir nauðsynlegar auðlindir (e. resources) sem þurfa að vera til staðar við framkvæmd og skipulagningu eftirlits. Þá er jafnframt lagður grunnur að eftirlitsáætlun stofnunarinnar. Áhættumatskerfið (RAS) verður lykilorð í eftirliti með fjármálastarfsemi og við skipulagningu eftirlits.

Áhættumatskerfið verður byggt upp á þann hátt að það tekur tillit til einstakra áhættuþátta (e. micro, meso (sector), macro), heildaráhættu (e. intrinsic risk) og varna gegn áhættu (e. risk mitigation) bæði fjárhagslegra og stjórnunarlegra eftirlitsaðgerða, sem síðan leiðir til afgangaráhættu (e. net risk). Í lokin leiðir ferlið til þess að lagt er mat á alla afgangaráhættu með tiltekinni aðferðafræði. Hún felst í því að eftirlitið gefur eftirlitsskylda aðilanum einkunn fyrir hverja einstaka áhættu sem skilgreind hefur verið inn í kerfið, sem síðan myndar eina heildareinkunn (e. target ratio). Þessi aðferðafræði leggur grundvöll að mati á fjármálamarkaðnum í heild sem og sértæku mati sem tryggir nauðsynlega yfirsýn yfir starfsemi einstakra fjármálastofnana.

Komið verður upp aðferðafræði við áhættumiðað eftirlit (e. Risk Based Supervision) sem er heildstæð og skilvirk. Þannig fæst yfirsýn og forsendur fyrir forgangsröðun eftirlitsverkefna. Þessi aðferðafræði við áhættumiðað eftirlit verður aðgengileg starfsmönnum við eftirlitsstörf í formi verkferla, verklagsreglna og leiðbeininga. Í þessu felst að eftirlit fer fram með samræmdum, samanburðarhæfum og viðurkenndum hætti og formleg og gagnsæ skjölun eftirlitsgagna er tryggð.

Fjármálaeftirlitið mun jafnframt byggja upp heildstætt upplýsingakerfi ásamt viðeigandi upplýsingatækni (e. IT/IS) sem auðveldar og tryggir faglega skipulagningu, úrvinnslu, eftirlit, greiningu og varðveislu upplýsinga (e. audit trail). Það mun einnig styðja við vöktun á því hver áhætta fjármálastofnana er hverju sinni m.a. með tilliti til þess hvort frekara eftirlit er nauðsynlegt. Starfsmenn stofnunarinnar munu búa yfir þekkingu og hafa búnað til þess að vinna úr gagnagrunnum vönduð og yfirgripsmikil yfirlit yfir stöðu og þróun einstakra fjármálafyrirtækja.

Með þessu upplýsingakerfi og viðeigandi upplýsingatækni mun Fjármálaeftirlitið jafnframt öðlast yfirsýn yfir einstaka flokka fyrirtækja á fjármálamarkaði (það er fjármálafyrirtækja, váttryggingafyrirtækja, líffeyrissjóða o.s.frv.) sem og



fjármálamarkaðinn í heild. Þetta upplýsingakerfi gerir vinnu við mat á fjármálastöðugleika skilvirkari og öruggari.

## 4.2 Stjórnun og skipulag

Umbótaverkefni er lúta að stjórnun og skipulagi skiptast í tvo undirverkpætti. Þeir eru annars vegar verkefna- og verkferlamiðuð stjórnun og hins vegar mannauðsstjórnun. Nánar verður gerð grein fyrir hvorum undirverkpætti hér að neðan.

Markmiðið varðandi verkefna- og verkferlamiðaða stjórnun er að móta, innleiða og festa í sessi skipulag og verklag fyrir rekstur og stjórnun allra þátta í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Með þessum verkpætti mun Fjármálaeftirlitið byggja upp heildstætt innra skipulag og stjórnunarferla. Þannig verður stuðlað að því að stofnunin geti ávallt sinnt eftirlitshlutverki sínu og öðrum lögbundnum hlutverkum á virkan og árangursríkan hátt.

Á sviði mannauðsstjórnunar verður byggð upp þjálfunaráætlun fyrir starfsmenn sem sinna eftirliti með fjármálastarfsemi. Áætlunin á að stuðla að því að nægileg og viðeigandi fagleg þekking starfsmanna sé ávallt til staðar við eftirlit. Við mat á þekkingarþörf starfsmanna verður m.a. byggt á áhættustöðu fjármálastofnana samkvæmt áhættumatskerfi. Þessi verkpáttur miðar auk þess að mótun heildstæðrar áætlunar í þeim tilgangi að styrkja samkeppnisstöðu Fjármálaeftirlitsins á vinnumarkaði, auka stöðugleika í starfsmannahaldi og móta eftirsóknarverða fyrirtækjamenningu hjá Fjármálaeftirlitinu (*e. corporate culture*).

## 4.3 Vörður í umbótaverkefninu

Stefnt er að því að hönnun á áhættumatskerfi verði lokið á þriðja ársfjórðungi ársins 2013. Unnið verður að hönnun á aðferðafræði við áhættumiðað eftirlit samhliða gerð áhættumatskerfisins og á það að vera tilbúið í lok árs 2013. Áætlað er að innleiðingu verði lokið í árslok 2014.

Uppbygging á innviðum upplýsinga- og tölvukerfa er viðamikill verkpáttur en markmiðið er að hönnunarþættinum ljúki um mitt ár 2013. Ráðgert er að innleiðing hefjist á árinu 2014 og verði að fullu lokið í árslok þess árs.

Nýju stjórnskipulagi, var, sem fyrr segir, komið á í innan Fjármálaeftirlitsins í janúar 2012. Skjölun á eftirlitsferlum og verklagi sem og verklagsreglum og leiðbeiningum stendur yfir og er markmiðið að henni verði lokið um mitt ár 2013.

Unnið er að þarfagreiningu á mannauðssviði varðandi þjálfunaráætlun fyrir nýliða, starfsmenn og stjórnendur og er gert ráð fyrir að þessum verkpætti verði lokið á þriðja ársfjórðungi 2012. Jafnhliða verður unnið að gerð gagnagrunns með upplýsingum um þekkingu starfsmanna. Heildstæð áætlun, sem gerð er í þeim tilgangi að styrkja

samkeppnisstöðu Fjármálaeftirlitsins á vinnumarkaði og auka stöðugleika í starfsmannahaldi, verður tilbúin á þriðja ársfjórðungi ársins 2013.

#### 4.4 Framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið hefur á undanförunum árum verið stækkað og stefna þess mótuð til framtíðar. Þá hefur starfsemin verið endurskipulögð frá grunni og gerð ferla- og verkefnaíðuð. Þetta hefur leitt til mikillar styrkingar.

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins hefur enn fremur verið stóreflt og unnið hefur verið að því að endurskoða gagna- og skýrsluskil frá eftirlitsskyldum aðilum. Stefnt er að því að gögn berist Fjármálaeftirlitnu í meira mæli með rafrænum hætti og flytjist sjálfkrafa í vöruhús gagna. Í nýju fyrirkomulagi felast einnig möguleikar á sjálfvirkum villuprófunum. Þessi verkefni munu leiða af sér tímasparnað bæði fyrir Fjármálaeftirlitið og eftirlitsskylda aðila.

Með því að samræma og samhæfa allt starf Fjármálaeftirlitsins með hliðsjón af kjarnareglum um árangursríkt bankaeftirlit eins og lýst er í samantektinni hér að framan og færa það í það horf að það standist ytrustu kröfur sem gerðar eru í evrópskum stöðlum um fagmennsku verður stórum áfanga náð í þá átt að Fjármálaeftirlitinu takist að sinna eftirliti með öllum eftirlitsskyldum aðilum á viðhlítandi hátt.

Með áhættumiðuðu eftirlitskerfi verður eftirliti með kerfislega mikilvægum fyrirtækjum sinnt. Áherslur munu beinast að fyrirbyggjandi eftirliti, meiri festu og eftirfylgni með löghlýðni og heiðarleika, faglegri greiningu og auknu gagnsæi sem stuðlar að markaðsaðhaldi og heilbrigðu fjármálakerfi. Þetta er afar mikilvægt því framundan eru margs konar ögranir.

Á árinu 2007 voru aðilar undir eftirliti 195 en þeim hefur fjölgað í 240 miðað við 30. júní 2012. Sparisjóðum hefur þó fækkað sem og lífeyrissjóðum. Við hefur hins vegar bæst eftirlit með 11 slitastjórnnum en gert er ráð fyrir að því verkefni verði að fullu lokið árið 2015. Stofnunin hefur enn fremur í dag eftirlit með greiðslustofnunum og innheimtufyrirtækjum auk þess sem að fleiri þáttum hefur verið bætt inn í eftirlit með Íbúðalánasjóði<sup>3</sup>.

Alþjóðlegar kröfur um virkt fjármálaeftirlit hafa einnig aukist verulega frá árinu 2008. Fyrirséð er að kjarnareglunum 25, sem nefndar eru í samantektinni hér að framan, muni fjölga í 29 og viðmiðum við hverja reglu jafnframt fjölga.

Umfangsmikil endurskoðun stendur einnig yfir á reglum um gjaldþol váttryggingafélaga,

<sup>3</sup> Sjá upplýsingar um fjölda aðila undir eftirliti í fylgiskjali 2.

svokallað Solvency II. Markmiðið með því starfi er að koma á endurskoðuðum gjaldþolsreglum og áhættustýringastöðlum. Munu þeir koma í stað núgildandi krafna.

Með tilkomu Evrópsku eftirlitsstofnananna er enn fremur sýnt að enn verður aukið á setningu samræmdra tæknilegra reglna sem Fjármálaeftirlitið þarf að innleiða hér á landi. Fjármálaeftirlitið hefur einnig veigamiklu hlutverki að gegna í að viðhalda fjármálastöðugleika á Íslandi ásamt Seðlabanka Íslands. Ennfremur er þáttur stofnunarinnar mikilvægur í að koma að vinnu við mótun á framtíðarskipan fjármálakerfis á Íslandi.

Góður og almennur skilningur hefur verið á því að Fjármálaeftirlitið þurfi nægilegt fé til að sinna starfi sínu og einnig því að gera þurfi tímabundið átak til að efla starfsemi svo að hún standist samanburð við það besta sem gerist í evrópsku fjármálaeftirliti.

## Fylgiskjal 1: Sögulegt yfirlit

Áhugavert getur verið að rifja stuttlega upp sögu og þróun Fjármálaeftirlitsins þegar verið er að gera áttak í að treysta grundvöll stofnunarinnar.

Fjármálaeftirlitið hóf starfsemi sína 1. janúar árið 1999 með sameiningu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlits. Þó svo starfsemin hafi farið af stað í nokkuð stöðugu fjármálaumhverfi sem lítið hafði breyst um alllangt skeið var stofnuninni engu að síður þá þegar ætlað að sinna umfangsmiklu verkefni. Strax í upphafi var ljóst að framundan var mikið starf við mótun eftirlitsins og áframhaldandi vinna við margvíslega og stöðugt flóknari reglusetningu vegna tengingar regluverks um fjármálastarfsemi hér á landi við evrópskt regluverk. Þrátt fyrir það var lögð rík áhersla á að starfsemi stofnunarinnar færi rólega af stað og eftirlitsstarfsemin þendist ekki óþarflega mikið út. Ákvæði laga um aðkomu samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila að undirbúningi rekstraráætlana stofnunarinnar hafði tvímælaust þessi áhrif en reyndin varð sú að samráðsnefndin lét í ljós áhyggjur sínar í hvert sinn sem minnsta aukning var fyrirhuguð í starfsemi stofnunarinnar.

Starfsmenn stofnunarinnar voru fáir í upphafi og skorti strax starfsmenn í ýmsa grunnþætti, s.s. uppbyggingu og viðhald gagnagrunna er sá þáttur hefur alla tíð verið dragbítur í starfsemi stofnunarinnar. Má í því samhengi benda á niðurstöður rannsóknarnefndar Alþings en í kafla 16.8.4. kemur fram að:

*„Ýmis vandamál hafa verið á upplýsingatækni- og skjalaskráningarmálum Fjármálaeftirlitsins. Vandamál tengd skýrsluskilakerfi, sjálfvirkri gagnaúrvinnslu, þekkingu, verkstjórnun og eignarhald á einstökum verkefnum eru til staðar hjá stofnuninni.“*

Í niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþings, í kafla 16.13. segir:

*„Það er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að mikið hafi skort á að Fjármálaeftirlitið væri í stakk búið til að sinna eftirliti með fjármálafyrirtækjum á viðhlítandi hátt síðustu árin fyrir fall bankanna. Þar veldur mestu að ráðstöfunarfé Fjármálaeftirlitsins var ónógt. Ef lítið er til rekstrarkostnaðar stofnunarinnar og tekna hennar fram til ársins 2006 er ljóst að vöxtur hefur ekki verið nægjanlegur í samanburði við vöxt íslenska fjármálakerfisins, flókin eignatengsl á fjármálamarkaði, aukin umsvif eftirlitsskyldra aðila erlendis svo og aukin verkefni sem lögð voru á stofnunina.“*

Frá og með árunum 2003 og 2004 urðu miklar breytingar í starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins og jókst álagið á stofnunina verulega umfram hið hefðbundna eftirlit. Má sem dæmi nefna nýja löggjöf um fjármálafyrirtæki sem tók gildi í ársbyrjun 2003 sem gerði auknar kröfur til starfseminnar. Samhliða einkavæðingu bankanna færðist svo

skyndilega mikið líf í viðskipti með virka eignarhluti í fjármálafyrirtækjum en hvert slíkt tilvik kallar yfirleitt á töluvert mikla vinnu vegna samþykkis stofnunarinnar fyrir slíkum viðskiptum eins og áskilið er samkvæmt lögum. Þá má nefna umfangsmikla athugun og vinnu við skoðun á viðskiptum með stofnfé í sparisjóðum sem áður hafði ekki tíðkast og olli nokkru uppnámi í sparisjóðastarfsemi.

Enn ein breytingin varð með útrás viðskiptabankanna sem reyndist stofnuninni flókið verkefni þar sem íslenskt bankakerfi varð skyndilega tengt eða hluti af fjármálakerfi stærri þjóða með tilheyrandi nýrri nálgun.

Eftir bankahrunið haustið 2008 var ljóst að uppbygging og styrking Fjármálaeftirlitsins hafði ekki verið í neinu samræmi við gífurlega stækkun og aukningu í umsvifum íslenskra banka og fjármálafyrirtækja, einkum frá árinu 2003 og 2004. Sem dæmi um hæga stækkun eftirlitsins má nefna að á miðju árinu 2004 voru 34 stöðugildi hjá stofnuninni og ári síðar eða á miðju ári 2005 höfðu aðeins tveir starfsmenn bæst við. Þegar svo bankarnir voru í raun nánast að þrotum komnir, í byrjun árs 2008 voru aðeins 50 starfsmenn í 46 stöðugildum hjá stofnuninni. Ljóst er að þessi fjöldi sem þar að auki hafði að töluverðum hluta litla starfsreynslu og takmarkaða starfsþjálfun, réð ekki með fullnægjandi hætti við þau verkefni sem stofnuninni var ætlað að sinna.

## Fylgiskjal 2: Aðilar undir eftirliti 2007 – 2012

	30.6.2007	30.6.2008	30.6.2009	30.6.2010	30.6.2011	30.6.2012
Viðskiptabankar	4	5	4	5	5	4
Sparisjóðir	21	16	14	12	10	10
Lánafyrirtæki	12	13	11	8	8	6
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	1	1	1	1	1
Verðbréfafyrirtæki	9	9	8	11	13	12
Verðbréfamiðlarar	2	4	3	3	3	2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	7	7	9	8	8	9
Verðbréfasjóðir	35	38	41	46	53	53
Fjárfestingarsjóðir	41	54	30	25	22	23
Fagfjárfestasjóðir						37
Kauphallir	1	1	1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar	1	1	1	1	1	1
Lífeyrissjóðir	40	37	37	35	33	33
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar				14	10	8
Vátryggingafélög	12	13	13	13	13	13
Vátryggingamiðlarar	6	6	6	6	6	7
Aðilar með innheimtuleyfi			6	5	6	4
Greiðslustofnanir						2
Slitastjórnir						11
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	3	3	3	3	3	3
<b>SAMTALS</b>	<b>195</b>	<b>208</b>	<b>188</b>	<b>197</b>	<b>196</b>	<b>240</b>

Útgefendur skráðra hlutabréfa og skuldabréfa eru ekki meðtaldir í yfirlitinu.

**Fylgiskjal III.**

Fjármálaeftirlitið  
Berist forstjóra  
Höfðatorgi, 3. hæð  
Höfðatúni 2  
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. júní 2012

**Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila  
á rekstraráætlun FME fyrir 2013**

**Fororð**

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila hefur nú farið yfir endanlegar tillögur stjórnar og stjórnenda Fjármálaeftirlitsins (FME) að Rekstraráætlun 2013 - Skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2013.

Samráðsnefndinni bárust drög stjórnenda FME að rekstraráætlun þann 1. júní. Að loknum tveimur fundum með stjórnendum og stjórnarformanni FME, um breytt skipulag FME og um rekstraráætlunina fyrir 2013, skilaði eftirlitsnefndin drögum að álitinu, sem aftur varð grundvöllur frekari viðræðna aðila.

Í þeim drögum sem samráðsnefndin skilaði til FME gagnrýndi samráðsnefndin nokkra þætti í áætluninni og í mati stjórnenda FME um rekstrarskýrði eftirlitsins. Helsta gagnrýnin snéri að áætluðum fjölda starfsmanna og kostnaði við uppbyggingu á sviði upplýsingatækni. Nefndin var einnig með ábendingar og spurningar um aðra liði.

Á síðustu árum hefur samráðsnefndin stutt uppbyggingu og eflingu FME, en á gagnrýnin hátt. Nefndin hefur meðal annars gagnrýnt hve mikil og hve hröð uppbygging var áætluð. Í því samhengi hefur nefndin bent á ýmsar hættur sem of mikill og of hraður vöxtur getur boðið heim í rekstrinum og einnig það misræmi sem hefur myndast milli vaxtar FME og samdráttar á íslenskum fjármálamarkaði. Við fjármálagæði fyrir árið 2012 var að hluta til brugðist við þessari gagnrýni.

Nú þegar drög að áætlun næsta árs bárust samráðsnefndinni var það mat nefndarinnar að þar væri enn ekki gætt nægilega að því mikilvæga verkefni að laga stærð og rekstur FME að stærð og þörfum fjármálakerfisins og færa reksturinn nær rekstri sambærilegra stofnana. Því fór nefndin fram á í drögum að álitinu að fjölgun starfsmanna yrði takmörkuð og að meira aðhald yrði sýnt í rekstrinum en ráð var gert fyrir.

Stjórn og stjórnendur FME hafa brugðust við gagnrýni samráðsnefndarinnar að hluta með breytingum á áætlun næsta árs og mati á þróun til næstu þriggja ára.

Samráðsnefndin gerði ekki athugasemdir, í drögum að álitinu, við hvernig áætlað er að skipta eftirlitsgjaldi fyrir árið 2013 niður á aðila, þar sem að megin stefnu til er fylgt skiptingu síðustu ára. Samráðsnefndinni bárust aftur á móti ábendingar um álagningu eftirlitsgjalds á fagfjárfestastjóði og fjárfestingarfélag, sem nefndin telur að taka eigi til nánari skoðunar.

**Niðurstaða**

Samráðsnefndin telur að með þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar frá fyrri áætlunum, þar sem vexti stofnunarinnar eru settar skýrari skorður og meðal annars starfsmannafjöldi takmarkaður við rúmlega 120 í stað rúmlega 140 þegar mest var boðið, sé betur en áður gætt að þeim ólíku sjónarmiðum sem taka þarf tillit til við eflingu og rekstur FME. Samráðsnefndin brýnir fyrir stjórn og stjórnendum FME að gæta vel að aðhaldi og hagræðingu í rekstri FME.

Frekari viðræður þurfa að fara fram á milli aðila um skiptingu eftirlitsgjalds og mögulega þarf að breyta hvernig gjald er lagt á aðila eins og fagfjárfestastjóði, sem FME hefur mjög takmarkað eftirlit með.

Álit samráðsnefndarinnar er að drög stjórnenda FME að rekstraráætlun 2013, eins og þau hafa verið lögð fyrir nefndina í dag, teljist raunhæf.

Samráðnefnd eftirlitsskyldra aðila þakkar það samráð sem stjórn og stjórnendur FME hafa haft við nefndina við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2013.

**Virðingarfyllt**

Guðjón Guðmundsson  
Íris Björnsdóttir  
Jónína S. Lárusdóttir  
Sigurður Viðarsson  
Stefán Árni Auðólfsson



## Fylgiskjal IV.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

### **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum (álagningarstofnar eftirlitsgjalds).**

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á álagningarhlutföllum eftirlitsgjalds á fjármálastofnanir. Samkvæmt lögum skal Fjármálaeftirlitið gefa ráðherra skýrslu fyrir 1. júlí ár hvert um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Skýrslunni skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til breytinga á eftirlitsgjaldinu að mati ráðherra skal hann leggja frumvarp fyrir Alþingi þar að lútandi. Tekjur af þessum gjöldum færast á tekjuhlíð ríkissjóðs í fjárlögum eins og aðrir skattar en eru markaðar til fjármögnunar á rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins á útgjaldahlið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á flestum álagningarhlutföllum, fastagjöldum og eftirlitsgjöldum þeirra stofnanna sem greiða kostnað vegna eftirlitsins. Tillögurnar taka mið af mati stofnunarinnar á fjárþörf sinni á næsta ári og breyttum áherslum í eftirliti á fjármálamarkaði. Gert er ráð fyrir að hlutfallstölur lánastofnana lækki en hækki hins vegar hjá váttryggingafélögum, váttryggingamiðlurum, lífeyrissjóðum, verðbréfamiðlurum og hjá rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Þá er gert ráð fyrir að gjaldið hækki einnig hjá Íbúðalánasjóði en með breytingum á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, hefur Fjármálaeftirlitinu verið falið aukid eftirlitshlutverk með sjóðnum.

Til grundvallar að tillögum frumvarpsins er fjárhagsáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2013. Þar er gert ráð fyrir að gjaldið skili um 1.743 m.kr. tekjum sem er um 6% lækkun frá yfirstandandi ári. Þessu til viðbótar koma aðrar sértekjur sem nema 11 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin muni eiga afgang frá fyrri árum og að gengið verði á eigið fé stofnunarinnar sem nemur 201 m.kr. Samtals er því áætlað að til fjármögnunar á rekstrarútgjöldum verði 1.955 m.kr. Stærsti einstaki liður rekstrarútgjaldanna eru laun og launatengd gjöld sem nema 1.426 m.kr. og hækka um 4% milli ára. Aðrir rekstrarliðir, þ.e. annar kostnaður án eignakaupa, nema um 509 m.kr. og hækka um 14% frá fyrra ári. Heildarútgjöldin hækka hins vegar ekki nema um 2% vegna 80 m.kr. lækkunar í eignakaupum eða um 80%.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er á hinn bóginn gert ráð fyrir að tekjur af eftirlitsgjaldinu verði 1.696 m.kr. sem er um 47 m.kr. lægri fjárhæð en áætlun Fjármálaeftirlitsins gerir ráð fyrir. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013 er gengið út frá því að tímabundin hækkun eftirlitsgjalds gangi til baka en gjaldið var hækkað árið 2011 vegna rannsóknarverkefna sem tengjast falli bankanna. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að stöðugildum verði fækkað um 15 þar sem verkefnum ljúki á þessu ári. Er það í samræmi við áætlun sem birt var þegar heimild vegna þessara stöðugilda fékkst í fjárlögum fyrir árið 2011, m.a. sem fylgiskjal með frumvarpi sem lagt var fram til að breyta eftirlitsgjöldunum og lagt var fram á haustþingi 2010. Þessi fyrirætlun kemur einnig fram í rekstraráætlun fyrir árið 2012 í nóvember 2011 og einnig í grein sem birt var á heimasíðu stofnunarinnar fyrir á þessu ári. Í samræmi við þessi áform er í fjárlagafrumvarpinu reiknað með að fjárheimild vegna útgjalda stofnunarinnar verði 1.746 m.kr. á næsta ári. Verði stofnuninni fært að nýta 201 m.kr. afgangsheimildir

til starfseminnar þessu til viðbótar, eins og horfur eru á, verður heildarfjárheimildin um 1.947 m.kr. eða nokkuð nærri þeirri veltu sem rekstraráætlun stofnunarinnar miðast nú við. Þess ber að geta að í fjárlagafrumvarpinu er áætlað að sértekjur stofnunarinnar verði 50 m.kr. í ljósi bókfærðra tekna undanfarinna ára en í rekstraráætlun stofnunarinnar er gert ráð fyrir að þær verði einungis 11 m.kr. eins og áður segir.

Ein af forsendum rekstraráætlunar stofnunarinnar er að hún fái IPA-styrk frá Evrópusambandinu en honum á að verja til umbótaverkefna sem standa munu yfir næstu þrjú árin. Verkefnið miða annars vegar að því að koma á heildstæðu áhættumiðuðu eftirlitskerfi og hins vegar að koma á nýju skipulagi á stjórnun stofnunarinnar. Gera má ráð fyrir að töluverður fjöldi starfsmanna verði að vinna að þessum verkefnum næstu þrjú árin. Í rekstraráætluninni hefur verið gert ráð fyrir þeim hluta umbótaverkefnanna sem telst vera mótframlag Íslands, sem svarar til 15% af kostnaði við þau, og er það fjármagnað af greiðendum eftirlitsgjaldsins. Til að standa straum af afganginum af kostnaðinum við þessi umbótaverkefni, sem svarar til 85%, hefur verið gerð breytingartillaga við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2013 um 122 m.kr. fjárheimild til að ráðstafa jafnháum styrk frá Evrópusambandinu til stofnunarinnar. Styrkurinn frá Evrópusambandinu færast á tekjuhlíð ríkissjóðs en greiðist sem fjárveiting úr ríkissjóði til stofnunarinnar og hefur hann því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Að þessum verkefnum meðtöldum og að viðbættum afgangsheimildum sem færast til næsta árs verður heildarvelta Fjármálaeftirlitsins 2.069 m.kr. en þar af fjármagnast 1.696 m.kr. með sköttum á fjármálafyrirtækin, 201 m.kr. með afgangsheimildum, 122 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði og 50 m.kr. með sértekjum. Eins og þessar áætlanir bera með sér hafa fáar ef nokkur önnur ríkisstofnun aukið umsvif sín eins mikið og Fjármálaeftirlitið frá því að efnahagsáfallin riðu yfir á árinu 2008. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2007 var velta Fjármálaeftirlitsins um 600 m.kr. og er því útlit fyrir að þau hafi hækkað um nálægt 1.470 m.kr. eða um hátt í 350% gangi rekstraráætlun ársins 2013 eftir.

Eftirlitsgjöldin sem hér eru lagðar til breytingar á teljast til lögþvingaðra skatttekna ríkissjóðs en eru að lögum markaðar til eftirlits með starfsemi fjármálafyrirtækja. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur áður bent á að óheppilegt sé að ríkistekjur séu markaðar með þessum hætti til reksturs ríkisaðila. Það er mat ráðuneytisins að tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna ættu að renna í ríkissjóð á grundvelli sjónarmiða um hagkvæma og skilvirka tekjuöflun en að ákvörðun um fjárheimildir einstakra verkefna eigi almennt að vera tekin á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga óháð þeim tekjum, á grundvelli mats á fjárþörf verkefna og forgangsröð þeirra hverju sinni.

Að öðru leyti er vísað til almennrar umfjöllunar ráðuneytisins um fyrirkomulag við fjármögnun Fjármálaeftirlitsins í umsögn með sambærilegu frumvarpi til breytingar á eftirlitsgjöldunum á 140. lögjafarþingi.

Verði frumvarpið lögfest verður ekki séð að það gefi tilefni til breytinga á fjárheimildum Fjármálaeftirlitsins umfram það sem þegar hefur verið lagt til við aðra umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2013 vegna verkefnis sem styrkt er af Evrópusambandinu og að frumvarpið muni ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.